



ÁRSSKÝRSLA RÍKISENDURSKOÐUNAR 2011

Maí 2012



RÍKISENDURSKOÐUN

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI RÍKISENDURSKOÐANDA	3
STAÐA, HLUTVERK OG STEFNA RÍKISENDURSKOÐUNAR	7
ALMENNT UM STARFSEMI OG REKSTUR RÍKISENDURSKOÐUNAR ÁRIÐ 2011	10
FJÁRHAGSENDURSKOÐUN	19
STJÓRNSÝSLUENDURSKOÐUN	25
ÖNNUR VIÐFANGSEFNI	32
FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR Á LÖGUM UM FJÁRREIÐUR RÍKISINS	39
ÍMYND RÍKISENDURSKOÐUNAR Í HUGUM ALMENNINGS	42
STARFSFÓLK 31. DESEMBER 2011	46
OPINBER RIT ÁRIÐ 2011	48
ÁRSREIKNINGUR 2011	49

FORSÍÐUMYNDINA TÓK GEIR GUNNLAUGSSON, SÉRFRÆÐINGUR HJÁ RÍKISENDURSKOÐUN, AF LAKAGÍGUM.

FORMÁLI RÍKISENDURSKOÐANDA



Við upphaf samstarfsáætlunar Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins árið 2009 var stefnt að því að heildarjöfnuður í ríkisfjármálum, þ.e. afkoma að meðtöldum vaxtajöfnum, yrði orðinn jákvæður árið 2013. Þessu markmiði skyldi náð með blöndu af niðurskurði og skattahækkunum. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2012 ákvað Alþingi að fara hægar í sakirnar og er nú gert ráð fyrir að heildarjöfnuður verði jákvæður árið 2014. Þrátt fyrir þetta er ljóst að niðurskurður og aðhaldsaðgerðir munu halda áfram að reyna mjög á margar ríkisstofnanir. Til að ná endum saman hafa sumar stofnanir ráðstafað ónýttum fjárheimildum frá fyrri árum en þegar þetta er gert sýnir ársreikningur tekjuhalla. Eftir að slíkar fyrningar hafa verið fullnýttar blasir við að stofnanir þurfa að draga saman í rekstri og skerða þjónustu. Það er einfaldlega óumflýjanlegt. Ég met það svo að stofnanir og starfsmenn þeirra hafi almennt lagst á eitt um að reyna að komast í gegnum þessa samdráttartíma án þess að starfsemin bæri óbætanlegan skaða af.

Á síðasta ári samþykkti Alþingi breytingar á þingskapalögum, m.a. ákvæðum um nefndaskipan þingsins. Sett var á fót sérstök stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sem hefur það hlutverk að fjalla um stjórnskipunarmál og mál sem varða æðstu stjórn ríkisins, auk þess að sinna eftirliti með framkvæmdarvaldinu. Nefndinni er m.a. falið að fjalla um skýrslur Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis. Þetta er breyting frá því sem verið hefur en hingað til hafa mismunandi nefndir fjallað um skýrslur Ríkisendurskoðunar, allt eftir umfjöllunarefninu. Fjárlaganefnd mun þó eftir sem áður fjalla um skýrslur stofnunarinnar um endurskoðun ríkisreiknings og framkvæmd

fjárlaga. Ég vil nota tækifærið hér og fagna þessum breytingum sem ég tel að muni styrkja eftirlitshlutverk þingsins og efla skipulega umfjöllun þess um skýrslur Ríkisendurskoðunar. Um leið vil ég þakka stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og fjárlaganefnd fyrir gott samstarf á síðasta ári. Forsætisnefnd Alþingis setti í byrjun þessa árs nýjar reglur um þinglega meðferð skýrslanna sem taka mið af umræddum breytingum.

Á liðnum árum hefur Ríkisendurskoðun ítrekað lagt til að lög um fjárreiður ríkisins verði endurskoðuð. Í kjölfar skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) frá síðasta hausti ákvað fjármálaráðherra að hefja formlega endurskoðun laganna. Í því skyni skipaði hann sérstaka 12 manna stýrinefnd til að skipuleggja og halda utan um vinnuna en undirritaður á m.a. sæti í henni. Undir þessari stýrinefnd starfa fjórir vinnuhópar sem hver um sig hefur afmarkaðan hluta laganna til skoðunar. Ríkisendurskoðun á fulltrúa í þremur þeirra. Stefnt er að því að þessi vinna skili sér í frumvarpi sem lagt verði fram á Alþingi næsta haust. Ég vil nýta þetta tækifæri til að lýsa ánægju minni með þessa vinnu og samstarfið innan fyrrnefndra hópa. Nánar er fjallað um endurskoðun fjárreiðulaganna á bls. 39–41 í þessari skýrslu.

Forsætisnefnd Alþingis fól á síðasta ári Ríkisendurskoðun að vinna skýrslu um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar ríkisins sem ekki koma fram í fjárlögum og ríkisreikningi. Í skýrslunni, sem birt var í janúar 2012, kemur fram það mat Ríkisendurskoðunar að ýmsar skuldbindingar og ábyrgðir sem nú eru utan ríkisreiknings ætti að færa þar og að meiri umfjöllun ætti að vera um þær í fjárlögum en nú er. Í þessu samhengi má nefna meðferð svokallaðra fjármögnunarleigusamninga sem nú eru utan ríkisreiknings. Samkvæmt sérreglu sem gildir um reikningsskil ríkisins ber að gjaldfæra varanlega rekstrarfjármuni, t.d. fasteignir, að fullu á því ári sem skuldbindandi samningar um kaup á þeim eru gerðir. Að mati Ríkisendurskoðunar er, miðað við þessa sérreglu, eðlilegt að fjármögnunarleigusamningar séu gjaldfærðir að fullu í ríkisreikningi. Raunar er stofnunin hlynnt því að sérreglan verði afnumin og að reikningsskil ríkisins verði eins og reikningsskil fyrirtækja á einkamarkaði hvað varðar bókun varanlegra rekstrarfjármuna, þ.e. að þeir verði færðir í efnahagsreikning og síðan fyrndir árlega. Þetta er eitt af þeim atriðum sem stýrinefnd um endurskoðun fjárreiðulaga hefur til skoðunar.

Árið 2010 hóf Ríkisendurskoðun sérstaka athugun á innkaupamálum ríkisins sem einkum lýtur að því að kanna hvort innkaup stofnana séu í samræmi við lög og reglur sem um þau gilda. Á liðnu ári var haldið áfram með þessa athugun. Yfirleitt hafa stofnanir tekið vel í ábendingar Ríkisendurskoðunar um innkaupamál en þó eru undantekningar á því. Í þessu sambandi vil ég árétta að Ríkisendurskoðun er samkvæmt lögum falið að kanna hvort stofnanir og fyrirtæki ríkisins fara að lögum og vekja athygli á því ef svo er ekki. Þetta verkefni leitast stofnunin við að rækja af metnaði og svo mun áfram verða.

Undanfarin tvö ár hefur Ríkisendurskoðun lagt áherslu á að afmarka stjórnsluúttektir sínar fremur þröngt og ljúka þeim á skömmum tíma með hnitmiðuðum skýrslum. Með þessum breytingum hafa samskipti Ríkisendurskoðunar við ráðuneytin almennt aukist nokkuð frá því sem áður var. Vera má að einhverjum

ráðuneytum finnst nóg um og að áreiti af hendi stofnunarinnar sé of mikið. Hins vegar má í þessu sambandi minna á lögbundið hlutverk og skoðunarheimildir Ríkisendurskoðunar. Einnig vil ég taka skýrt fram að stofnunin leitast ætíð við að valda sem minnstri truflun á starfsemi þeirra ráðuneyta og stofnana sem endurskoðun hennar og eftirlit lýtur að. Fastar vinnureglur eru í gildi hjá Ríkisendurskoðun um samskipti við ráðuneyti og stofnanir, t.d. er þessum aðilum ætíð gefið tækifæri til formlegra andmæla og athugasemda við skýrsludrög. Slík andmæli og athugasemdir eru birt í skýrslum allra stjórnisýsluúttekta stofnunarinnar.

Ríkisendurskoðun leitast við að ljúka fjárhagsendurskoðun aðila sem standa að baki a.m.k. 80% af útgjöldum ríkisins fyrir mitt ár. Þetta markmið náðist ekki að fullu á árinu 2011, þ.e. vegna endurskoðunar ársins 2010, en stefnt er að því að það náist á yfirstandandi ári, þ.e. vegna endurskoðunar ársins 2011. Gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum fjárhagsendurskoðunar hjá ríkinu í árlegri skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings (sjá nánar bls. 24). Skýrsla um endurskoðun ríkisreiknings 2010 kom út í nóvember 2011. Ríkisendurskoðun er sér meðvitandi um að þegar skýrslan kemur svo seint út gagnast hún fjárlaganefnd og Alþingi ekki sem skyldi. Gerðar hafa verið ráðstafanir til að stuðla að því að skýrsla um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2011 verði birt snemma í október næstkomandi.

Meðal lögbundinna verkefna Ríkisendurskoðunar er eftirlit með fjármálum stjórnmalasamtaka og frambjóðenda. Þessum aðilum ber samkvæmt lögum skylda til að skila fjárhagsupplýsingum til stofnunarinnar innan settra tímafresta. Frestur stjórnmalasamtaka til að skila ársreikningum sínum er lögbundinn og miðast við 1. október ár hvert en Ríkisendurskoðun setur tímafresti þegar um er að ræða upplýsingar um kostnað frambjóðenda af kosningabaráttu. Ítrekað kemur fyrir að flokkar og frambjóðendur skila ekki upplýsingum til stofnunarinnar innan settra tímafresta. T.d. höfðu fjórir flokkar ekki skilað reikningum sínum vegna ársins 2010 fyrir 1. október 2011 (sjá bls. 33). Ég tel ámælisvert að flokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi skuli ekki virða þau tímamörk sem þingið hefur sjálft sett þeim með lögum.

Á síðasta ári lauk stefnumótunarferli hjá Ríkisendurskoðun sem byggðist á aðferðafræði stefnumiðaðs árangursmats (*balanced scorecard*). Í stefnukorti stofnunarinnar fyrir tímabilið 2011–15 er litið til fjögurra grunnvídda starfseminnar: fjármála, mannauðs, verklags og þjónustu. Skilgreind eru tiltekin lykilmarkmið í hverri vídd. Markmiðin eru síðan nánar útfærð í skorkorti stofnunarinnar þar sem jafnframt eru settir fram mælikvarðar sem segja til um hversu vel markmiðin nást á hverjum tíma. Stefnukort stofnunarinnar má finna á bls. 9 í þessari skýrslu og gerð er grein fyrir hluta árangursmælinga samkvæmt skorkorti á bls. 13–17. Eitt lykilmarkmiða Ríkisendurskoðunar er að njóta trausts þingmanna, stjórnvalda og almennings í landinu. Samkvæmt nýlegum viðhorfskönnunum nýtur stofnunin trausts meðal þingmanna, ráðuneytisstjóra og forstöðumanna en mjög hefur dregið úr trausti almennings á stofnuninni undanfarin ár eða frá bankahruninu. Þessi þróun veldur okkur umtalsverðum áhyggjum og höfum við gripið til aðgerða til að reyna að snúa henni við. Nánar er fjallað um þetta á bls. 42–45 í þessari skýrslu.

Á síðasta ári var ákveðið að skipta út eldra skjala- og skráningarkerfi Ríkisendurskoðunar fyrir nýtt rafrænt skjalakerfi. Þessi vinna fór fram í góðu samráði við Þjóðskjalasafn Íslands. Nýja kerfið byggir á hugbúnaði sem fyrirtækið *OneSystems* hefur hannað. Á haustmánuðum var ráðinn skjalastjóri og vann hann að innleiðingu kerfisins sem formlega var tekið í notkun 1. janúar 2012. Þessi innleiðing hefur haft í för með sér umtalsverðar breytingar á skráningu skjala og skjalavörslu hjá stofnuninni. Að loknu fyrsta ári í nýju umhverfi verður lagt mat á hvernig til hefur tekist. Nánar er fjallað um innleiðingu nýja skjalakerfisins á bls. 33 í þessari skýrslu

Forsætisnefnd Alþingis ákvað seint árinu 2011 að skipa nefnd til að endurskoða lög um Ríkisendurskoðun. Þuríður Backman þingmaður er formaður nefndarinnar en auk hennar sitja í nefndinni Stefán Svavarsson endurskoðandi og undirritaður. Nefndin hóf þegar störf og er áformað að hún skili tillögum sem verða teknar til afgreiðslu á haustþingi 2012.

Starfsemi stofnunarinnar var almennt með nokkuð hefðbundnu sniði á árinu 2011. Fjöldi starfsmanna var 47 í lok ársins og var óbreyttur frá fyrra ári. Ársverk fastráðinna starfsmanna í dagvinnu voru 44 og fækkaði um tæplega eitt frá árinu á undan.

Á árinu 2011 varð 33,9 m.kr. tekjuhalli á rekstri stofnunarinnar. Honum var mætt með því að nýta ónýttar fjárheimildir frá fyrra árum. Þær námu 69,9 m.kr. í upphafi ársins en 36,1 m.kr. í lok þess. Kostnaður jókst um 6,1 m.kr. milli ára meðan sértekjur drógust saman um 25,6 m.kr. og framlög ríkisins um 19 m.kr. Viðsnúningur milli ára er því um 50,6 m.kr. Horfur eru á að ónýttar heimildir frá fyrra árum muni verða fullnýttar á árinu 2012.

Ég vil að lokum þakka starfsmönnum Ríkisendurskoðunar fyrir vel unnin störf á síðasta ári. Miklar og vaxandi kröfur eru gerðar til stofnunarinnar og þegar við bætist niðurskurður og strangar aðhaldsaðgerðir í rekstri má ljóst vera að álag á starfsmenn er mikið. Þrátt fyrir þetta hafa starfsmenn lagt sig fram og unnið verk sín af dugnaði og metnaði, eins og þessi skýrsla vitnar um.



STAÐA, HLUTVERK OG STEFNA RÍKISENDURSKOÐUNAR

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð stofnun sem starfar á vegum Alþingis. Hún er hluti löggjafarvaldsins og þáttur í eftirliti þess með framkvæmdarvaldinu. Meginhlutverk hennar er að hafa eftirlit með og stuðla að umbótum á fjármálastjórn ríkisins og árangri ríkisaðila. Framtíðarsýn stofnunarinnar er að vera í fremstu röð í faglegri opinberri endurskoðun.

Ríkisendurskoðun starfar samkvæmt lögum um hana (nr. 86/1997) og, eftir atvikum, lögum um endurskoðendur (nr. 79/2008) og ýmsum öðrum lögum sem varða starfsemi hennar. Þá hefur stofnunin hliðsjón af stöðlum og leiðbeiningum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) og stöðlum Alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC). Enn fremur fylgja starfsmenn siðareglum stofnunarinnar.

Þar sem Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi gilda stjórnarsýslulög og upplýsingalög ekki um starfsemi hennar. Engu að síður gilda vissar óskráðar meginreglur stjórnarsýsluréttar um stofnunina, m.a. hæfisreglur.

Með hliðsjón af lögum, reglum, stöðlum og leiðbeiningum hefur Ríkisendurskoðun skilgreint meginverkefni sín með eftirfarandi hætti:

FJÁRHAGSENDURSKOÐUN

Endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana og fyrirtækja sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins. Endurskoðun reikninga þeirra aðila sem starfa á ábyrgð ríkisins eða sinna lögbundinni þjónustu eða öðrum verkefnum gegn greiðslu eða styrkjum úr ríkissjóði. Athuganir á innra eftirliti og öryggi upplýsingakerfa. Ábendingar um það sem betur má fara í bókhaldi, reikningsskilum, innra eftirliti og rekstri upplýsingakerfa.

STJÓRNSÝSLUENDURSKOÐUN

Úttektir á frammistöðu stofnana og fyrirtækja ríkisins og aðila sem þiggja framlög frá ríkinu. Mat á hagsýni, skilvirkni og árangri í rekstri. Ábendingar um leiðir til að bæta frammistöðu.

EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD FJÁRLAGA

Eftirlit með því hvort stofnanir starfa samkvæmt fjárlögum, fjárreiðulögum og reglugerð um framkvæmd fjárlaga.

ÞÁTTUR Í EFTIRLITI
ALÞINGIS MEÐ FRAM-
KVÆMDARVALDINU

MEGINVERKEFNI
RÍKISENDUR-
SKOÐUNAR



EFTIRLIT MEÐ ÁRSREIKNINGUM SJÁLFSEIGNARSTOFNANA

Eftirlit með ársreikningum sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

EFTIRLIT MEÐ FJÁRREIÐUM STJÓRN MÁLASAMTAKA OG FRAMBJÓÐENDA

Móttaka, úrvinnsla og birting upplýsinga um tekjur og gjöld stjórn málasamtaka og einstaklinga í prófkjörum.

Hafa ber í huga að framangreind verkefni skarast og tengjast með ýmsum hætti. Þá getur skilgreining verkefna breyst í takt við áherslur stofnunarinnar á hverjum tíma.

VÍÐTÆKAR SKOÐUNARHEIMILDIR

Lögum samkvæmt hefur Ríkisendurskoðun mjög víðtækar heimildir til endurskoðunar. Hún getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Þá er henni heimill aðgangur að og skoðun á frumgögnum og skýrslum sem gerðar eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu til að sannreyna efni reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs. Loks getur hún kallað eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé og metið hvort slíkar greiðslur hafi skilað tilætluðum árangri.

SJÁLFSTÆÐI RÍKIS- ENDURSKOÐUNAR

Sjálfstæði Ríkisendurskoðunar felst m.a. í því að þótt hún heyri stjórnskipulega undir Alþingi þá velur hún sjálf og skipuleggur verkefni sín. Forsætisnefnd þingsins getur þó krafist stofnunarinnar um skýrslur um málefni sem falla undir starfssvið hennar. Í slíkum tilvikum ákveður stofnunin hins vegar nálgun að viðfangsefninu, aðferð, hvenær skýrsla er lokið og hvernig niðurstöður eru settar fram. Starfsmenn Ríkisendurskoðunar skulu í einu og öllu óháðir ráðuneytum og stofnunum sem þeir vinna að endurskoðun hjá.

Ríkisendurskoðun gerir viðkomandi stofnunum, Alþingi, fjölmiðlum og almenningi grein fyrir niðurstöðum athugana sinna í skýrslum, fréttatilkynningum og á vefsíðu sinni, www.rikisend.is. Niðurstöður sem snerta viðkvæm innri málefni stofnana eru þó ekki gerðar opinberar. Alþingi fjallar um skýrslur Ríkisendurskoðunar samkvæmt þingskapalögum og sérstökum reglum um þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar.

STEFNUKORT RÍKISENDUR- SKOÐUNAR

Í stefnukorti Ríkisendurskoðunar (sjá næstu blaðsíðu) sem gildir á tímabilinu 2011–15 eru samtals 13 markmið. Þau taka til fjögurra „vídda“ starfseminnar sem eru þjónusta, verklag, mannauður og fjármál. Markmið í þjónustuvídd stefnukortsins lúta að þjónustu stofnunarinnar við Alþingi, stjórnarsýslu og almenning. Markmið í verklagsvíddinni lúta að þeim aðferðum og vinnubrögðum sem stofnunin beitir til að þjónustan verði sem best. Í mannauðsvídd stefnukortsins er að finna markmið sem varða hæfni og aðbúnað starfsmanna. Þessi markmið stuðla með vissum hætti að því að markmið í verklagsvídd náist. Markmið í fjármálavíddinni lúta að ráðdeild og góðri fjármálastjórn. Þau stuðla að því að markmið allra hinna þriggja víddanna náist. Gildi Ríkisendurskoðunar eru fagmennska, heilindi, óhlutdrægni, óháði og trúverðugleiki. Starfsmenn eiga að hafa gildin að leiðarljósi í öllu því sem þeir taka sér fyrir hendur, jafnt í vinnunni sem utan hennar.


Stefnukort Ríkisendurskoðunar 2012–2015

Framtíðarsýn:

Vera í fremstu röð í faglegri opinberri endurskoðun

Meginhlutverk:

Hafa eftirlit með og stuðla að umbótum á fjármálastjórn og árangri ríkisaðila



ALMENNT UM STARFSEMI OG REKSTUR RÍKISENDURSKOÐUNAR ÁRIÐ 2011

**VIRKUM
VINNUSTUNDUM
FJÖLGAÐI LÍTILLEGA**


SKIPTING VINNUFRAMLAGS MILLI VIÐFANGSEFNA

Árið 2011 voru virkar vinnustundir starfsmanna Ríkisendurskoðunar samtals tæplega 82 þúsund og fjölgaði lítillega frá fyrra ári eða um 2%. Með virkum vinnustundum er átt við þann tíma sem starfsmenn eru í vinnu en fjarvistir, s.s. vegna veikinda eða orlofs, eru undanskildar. Til viðbótar vinnuframlagi starfsmanna keypti stofnunin þjónustu af endurskoðunarfélögum sem svaraði til um 3.500 vinnustunda.


**SKIPTINGIN
BREYTTIST EKKI MIKIÐ
MILLI ÁRA**

Líkt og undanfarin ár var langstærstum hluta virkra vinnustunda varið til fjárhagsendurskoðunar. Hlutfallið var þó eilítið lægra árið 2011 en árið á undan, 45% á móti 50%. Um 24% vinnustunda var ráðstafað til stjórnsýsluendurskoðunar og er það svipað hlutfall og árið áður. Hlutur stjórnsýsluendurskoðunar í starfseminni hefur raunar aukist undanfarin ár, var t.d. aðeins 16% árið 2008. Um 9% var varið til annarra eftirlitsverkefna, sem er lítillega hærra hlutfall en árið 2010, og um 22% til yfirstjórnar, rekstrar og stoðþjónustu, sem er þremur prósentustigum meira en 2010. Skýringin er einkum sú að nokkur stór verkefni voru unnin á árinu 2011 sem varða starfsemi stofnunarinnar í heild, t.d. innleiðing nýs skjalakerfis (sjá bls. 33).

Skipting virkra vinnustunda starfsmanna eftir viðfangsefnum 2011



Samtals voru virkar vinnustundir við endurskoðunar- og eftirlitsstörf um 63.400 á síðasta ári sem er svipaður fjöldi og árið á undan. Mestur tími fór í að endurskoða og hafa eftirlit með fjárlagaliðum sem heyra undir fjármálaráðuneytið eða um fjórðungur vinnustunda. Það er hærra hlutfall en árið 2010 þegar um 18% vinnustunda var ráðstafað til liða ráðuneytisins. Um fimmtungur vinnustunda fór í fjárlagaliði mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem einnig er hærra hlutfall en árið 2010 og munar þar 4%. Aftur á móti var hlutfallslega minni tíma varið í að endurskoða og hafa eftirlit með fjárlagaliðum velferðarráðuneytisins árið 2011 en samsvarandi liða heilbrigðis- og félags- og tryggingamálaráðuneytisins árið á undan, um 18% á móti 25%. Svipuðum tíma var varið til fjárlagaliða innanríkisráðuneytisins á síðasta ári og til liða samgöngu- og dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins árið 2010, eða um fimmtungi virkra vinnustunda.



Hlutfallsleg skipting virkra vinnustunda við endurskoðunar- og eftirlitsstörf ræðst m.a. af áhættumati og verkefnavali hverju sinni. Þannig er yfirleitt mismunandi milli ára að hvaða ráðuneytum stjórnsýsluúttektir beinast og það getur haft í för með sér breytingar á skiptingunni.

TEKJUR OG GJÖLD

Heildargjöld Ríkisendurskoðunar námu um 481,3 m.kr. árið 2011 og hækkuðu lítillega milli ára eða um 1%. Sértekjur námu 41,6 m.kr. og ríkisframlagið um 405,8 m.kr. Því varð um 33,9 m.kr. halli á rekstrinum sem er mun lakari niðurstaða en árið 2010 þegar tæplega 16,8 m.kr. afgangur varð af rekstrinum. Í þessu sambandi vegur þungt að ríkisframlagið lækkaði um 19 m.kr. og sérekjur um 25,6 m.kr. milli ára. Stofnunin átti ónýttar fjárheimildir frá fyrru árum sem að hluta voru nýttar til að mæta hallarekstrinum. Þess má geta að á árinu 2012 hefur verið gripið til sérstakra ráðstafana til að tryggja hallalausan rekstur. Nánari upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu má finna í ársreikningi og skýringum við hann á bls. 49–60.

Yfirlit rekstrarreiknings 2010 og 2011 (í m.kr.)				
	2011	2010	BREYTING	%
LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD	367,0	349,0	18,0	5%
ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR	112,3	123,0	-10,7	-9%
STOFNKOSTNAÐUR	2,0	3,2	-1,2	-38%
SAMTALS GJÖLD	481,3	475,2	6,1	1%
SÉRTEKJUR	41,6	67,2	-25,6	-38%
GJÖLD AÐ FRÁDREGNUM TEKJUM	439,7	408,0	31,7	8%
RÍKISFRAMLAG	405,8	424,8	-19,0	-4%
TEKJUAFGANGUR (HALLI)	-33,9	16,8	-50,7	-302%

MANNAUÐUR

Í árslok 2011 voru starfsmenn Ríkisendurskoðunar samtals 47, þar af 23 konur og 24 karlar. Þetta er sami fjöldi og kynjahlutföll og árið 2010. Meðalaldur starfsfólks var um 52 ár. Til samanburðar má geta þess að meðalaldur starfsmanna Stjórnarráðs Íslands var 47,5 ár í fyrra.

STARFSMANNA- VELTAN 2–4% UNDANFARIN ÁR

Starfsmannavelta er skilgreind sem hlutfall þeirra starfsmanna sem hætta störfum á hlutaðeigandi ári af heildarfjölda starfsmanna í árslok. Hún var 4% árið 2011, þ.e. tveir starfsmenn létu af störfum á árinu. Á síðustu þremur árum hefur mjög dregið úr veltunni miðað við árin þar á undan enda hafa aðstæður á vinnumarkaði gjörbreyst í kjölfar bankahrunsins. Sem dæmi má nefna að starfsmannaveltan var 17% árið 2007 en hefur verið 2–4% undanfarin þrjú ár. Hlutfall starfsmanna sem voru með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu hjá stofnuninni nam 94% árið 2011 og hefur hækkað undanfarin ár. Meðalstarfsaldur var um 13 ár og hefur einnig farið hækkandi.

RÚM 80% STARFSMANNA MED HÁSKÓLAPRÓF

Í árslok 2011 voru rúm 80% starfsmanna Ríkisendurskoðunar með háskólapróf, margir með meistarapróf. Langflestir voru með prófgráðu í viðskiptafræði, fimm í stjórn mála- eða stjórnsýslufræðum, þrír í lögfræði, tveir í tölvunar- eða kerfisfræðum og tveir í hugvísindum. Þá störfuðu fimm endurskoðendur hjá stofnuninni og þrír starfsmenn höfðu faggildingu í innri endurskoðun (*Certified Internal Auditor – CIA*). Einn þeirra hafði að auki faggildingu í opinberri endurskoðun (*Certified Government Auditing Professional – CGAP*) og annar í endurskoðun upplýsingakerfa (*Certified Information Systems Auditor – CISA*).

ENDURMENNTUN DRÓST SAMAN

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að starfsfólk stofnunarinnar viðhaldi og efli faglega hæfni sína með endurmenntun. Í þessu skyni er starfsmönnum gert mögulegt að sækja ýmis námskeið samhliða vinnu. Þeim býðst einnig að stunda skipulegt háskólanám samhliða vinnu samkvæmt sérstökum samningum milli þeirra og stofnunarinnar. Þeir starfsmenn sem gera slíka samninga geta varið allt að 4 klst. af vinnutíma sínum í námið á móti hverri námseiningu sem þeir ljúka. Árið 2011 var einn slíkur samningur í gildi. Á undanförunum árum hafa fjárveitingar til Ríkisendurskoðunar verið skornar umtalsvert niður. Sparnaði í rekstri hefur m.a. verið náð með því að minnka kostnað vegna endurmenntunar og námskeiðahalds. Stefnt er að því að efla þennan þátt í starfsemi aftur um leið og hagur stofnunarinnar vænkast að nýju.

Kennitölur um mannauðsmál Ríkisendurskoðunar			
	2011	2010	2009
STARFSMANNAVELTA	4%	4%	2%
MEÐALALDUR STARFSMANNA	52	52	50
MEÐALSTARFSALDUR HJÁ RE	13 ÁR	12 ÁR	11 ÁR
MEÐ 3 ÁRA STARFSREYNSLU HJÁ RE	94%	90%	71%

STEFNUMÓTUN OG ÁRANGURSMÆLINGAR

Í janúar 2009 skipaði ríkisendurskoðandi starfshóp til að gera tillögu að stefnu fyrir stofnunina sem byggð skyldi á aðferðafræði stefnumiðaðs árangursmats (*balanced scorecard*). Hópurinn skilaði tillögum í ágúst sama ár og var þá fljótlega skipaður annar starfshópur til að útfæra tillögurnar og ljúka vinnunni. Sá hópur vann drög að stefnukorti fyrir stofnunina þar sem sett voru fram lykilmarkmið hennar. Einnig lagði hann drög að lýsingum á inntaki þessara markmiða. Á starfsdegi Ríkisendurskoðunar, sem haldinn var í febrúar 2011, var smiðshöggvið rekið á stefnukortið (sjá bls. 9) og markmiðslýsingarnar með þátttöku allra starfsmanna. Í ágúst 2011 hófst síðan vinna við svokallað skorkort en þar eru skilgreindir mælikvarðar sem eiga að segja til um hvort eða hversu vel markmiðin nást á hverjum tíma. Þeirri vinnu lauk í lok desember og tóku stefnu- og skorkort stofnunarinnar gildi í ársbyrjun 2012.

STEFNAN BYGGÐ Á BALANCED SCORECARD

Í stefnukorti Ríkisendurskoðunar eru samtals 13 lykilmarkmið: þrjú í þjónustuvídd, fjögur í verklagsvídd, fjögur í mannauðsvídd og tvö í fjármálavídd. Árangursmælikvarðar í skorkorti eru samtals 36, frá einum og upp í fimm fyrir hvert markmið, og ólíkir að eðli. Sumum er tiltölulega einfalt að beita, t.d. mælikvörðum sem fela í sér talningu á einhvers konar einingum sem starfsemin leiðir fram. Aðrir útheimta ögn meiri fyrirhöfn, t.d. byggjast allmargir mælikvarðar á því að kanna viðhorf umbjóðenda eða „viðskiptavina“ stofnunarinnar – svokallaðra markhópa. Að auki eru í skorkortinu sett fram viðmið um árangur, þ.e. hvaða gildi á hverjum kvarða stofnunin telur æskileg eða viðunandi, óæskileg eða óviðunandi.

36 MÆLIKVARÐAR Í SKORKORTI


Eftirfarandi eru nokkur dæmi um árangursmælingar Ríkisendurskoðunar. Haustið 2011 var Capacent Gallup falið að kanna viðhorf almennings til stofnunarinnar. Könnunin náði til um 1.400 manna handahófsúrtaks úr þjóðskrá og var svarhlutfallið um 60%. Ríkisendurskoðun kannaði síðan sjálf viðhorf alþingismanna til stofnunarinnar í mars 2012. Könnunin náði til aðalmanna í þeim fjórum þingnefndum sem einna mest fjölluðu um skýrslur stofnunarinnar árið 2011, samtals 33 einstaklinga, og var svarhlutfallið um 52%. Um svipað leyti var viðhorf stjórnenda hjá ríkinu til stofnunarinnar kannað. Könnunin náði til allra ráðuneytisstjóra og forstöðumanna stofnana sem fengið höfðu ábendingar í skýrslu frá Ríkisendurskoðun á árinu 2011, samtals um 24 einstaklinga. Svarhlutfallið í þessari könnun var um 83%.

MÆLINGAR Á VIÐHORFI MARKHÓPA

Hóparnir voru m.a. spurðir um hversu mikið traust þeir bæru til Ríkisendurskoðunar. Í ljós kom að einungis um 43% svarenda í könnun meðal almennings sögðust bera frekar eða mjög mikið traust til stofnunarinnar en allir svarendur í könnun meðal alþingismanna og 85% svarenda í könnun meðal ráðuneytisstjóra og forstöðumanna.

**RÍKISENDURSKOÐUN
VILL NJÓTA TRAUSTS
A.M.K. 60%
ÞJÓÐARINNAR**


Samkvæmt skorkorti stefnir Ríkisendurskoðun að því að njóta trausts a.m.k. 60% þjóðarinnar og ljóst er að nokkuð vantar upp á að það markmið náist. Aftur á móti hefur stofnunin náð markmiðum sínum hvað varðar traust meðal alþingismanna, ráðuneytisstjóra og forstöðumanna. Samkvæmt skorkorti vill stofnunin njóta trausts a.m.k. 70% innan þessara hópa.



**ALMENNINGUR VEIT
YFIRLEITT MJÖG LÍTIÐ
UM STOFNUNINA**

Við túlkun framangreindra niðurstaðna er rétt að taka mið af því hve vel hóparnir þekkja hlutverk og verkefni Ríkisendurskoðunar. Í könnun meðal almennings kom í ljós að hann veit yfirleitt mjög lítið um stofnunina. Einungis 7% svarenda töldu sig þekkja hlutverk og verkefni hennar frekar eða mjög vel. Hins vegar var samsvarandi hlutfall í könnunum meðal alþingismanna, ráðuneytisstjóra og forstöðumanna á bilinu 96–100%.


„Hversu vel þekkir þú til hlutverks og verkefna Ríkisendurskoðunar?“ (hlutfall þeirra sem þekkja hlutverkið og verkefnin frekar eða mjög vel)



Í könnunum meðal alþingismanna, ráðuneytisstjóra og forstöðumanna var spurt hversu aðgengilegar svarendur teldu skýrslur Ríkisendurskoðunar vera til aflestrar. Í ljós kom að 88% svarenda í könnun meðal alþingismanna og 100% í könnun meðal stjórnenda ráðuneyta og stofnana töldu skýrslurnar frekar eða mjög aðgengilegar. Þetta er töluvert betri árangur en stofnunin hefur stefnt að en samkvæmt skorkorti er markmiðið að a.m.k. 70% innan þessara hópa telji skýrslurnar frekar eða mjög aðgengilegar.


**TELJA SKÝRSLURNAR
AÐGENGILEGAR**

„Hversu aðgengilegar telur þú skýrslur Ríkisendurskoðunar vera til aflestrar?“ (hlutfall þeirra sem sögðust telja skýrslurnar frekar eða mjög aðgengilegar)



**UMTALSVERT BETRI
ÁRANGUR EN
STOFNUNIN HEFUR
STEFNT AÐ**


Alþingismenn, ráðuneytisstjórar og forstöðumenn voru einnig spurðir um gagnsemi skýrslna, ábendinga stjórnsýsluúttekta og endurskoðunarbréfa Ríkisendurskoðunar. Í ljós kom að 88% svarenda í könnun meðal alþingismanna töldu skýrslur stofnunarinnar gagnast frekar eða mjög vel við eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Um 92% ráðuneytisstjóra og forstöðumanna töldu ábendingar í stjórnsýsluúttektum og endurskoðunarbréf frekar eða mjög gagnleg. Þetta er umtalsvert betri árangur en stofnunin hefur stefnt að en samkvæmt skorkorti er markmiðið að a.m.k. 70% svarenda telji skýrslur, ábendingar og endurskoðunarbréf frekar eða mjög gagnleg.



**STARFSMENN
STOFNUNARINNAR
TALDIR VINNA
FAGLEGA**

Ráðuneytisstjórar og forstöðumenn voru beðnir um að leggja mat á vinnubrögð starfsmanna Ríkisendurskoðunar. Um 75% svarenda sem höfðu haft samskipti við starfsmenn stofnunarinnar vegna stjórnsýsluúttekta á árinu 2011 töldu að vinnubrögð þeirra hefðu verið frekar eða mjög fagleg. Hins vegar töldu allir svarendur sem höfðu haft samskipti við starfsmenn stofnunarinnar vegna fjárhagsendurskoðunar að vinnubrögð þeirra hefðu verið frekar eða mjög fagleg.

„Hversu fagleg voru að þínu mati vinnubrögð starfsmanna Ríkisendurskoðunar við stjórnisýsluendurskoðun / fjárhagsendurskoðun?“ (hlutfall ráðuneyttisstjóra og forstöðumanna sem töldu vinnubrögð hafa verið frekar eða mjög fagleg)



Niðurstöður eins mælikvarða til viðbótar eru birtar á bls. 30 í þessari skýrslu, í kafla um stjórnisýsluendurskoðun stofnunarinnar á árinu 2011.

Þess ber að geta að skorkort Ríkisendurskoðunar er enn í móttun og ekki hafa verið gerðar grunnmælingar fyrir alla mælikvarða þess. Skorkortið verður þar að auki ávallt „lifandi“ plagg og mun væntanlega taka einhverjum breytingum í tímans rás. Stofnunin mun framvegis birta niðurstöður valdra árangursmælinga í ársskýrslu sinni.

**VALDAR ÁRANGURS-
MÆLINGAR FRAM-
VEGIS BIRTAR**

INNRA SKIPULAG


Núgildandi skipurit stofnunarinnar tók gildi hinn 1. apríl 2010. Fagsviðin eru tvö: endurskoðunarsvið og stjórnisýslusvið. Hið fyrrnefnda sinnir fjárhagsendurskoðun og skyldum verkefnum samkvæmt 8. gr. laga um Ríkisendurskoðun en hið síðarnefnda annast stjórnisýsluendurskoðun og skyld verkefni samkvæmt 9. gr. laganna. Að auki sinna þrjú stoðsvið margvíslegri miðlægri starfsemi og þjónustu við fagsviðin: rekstrar- og tölvustofa, lögfræði- og skjalastofa og upplýsinga- og alþjóðastofa. Þá sinnir skrifstofa ríkisendurskoðanda ýmsum verkefnum sem lúta að eftirliti með stjórnisýslunni, eftirliti með framkvæmd fjárlaga og aðstoð við ríkisendurskoðanda. Fimm starfsmenn sitja í fagráði sem fjallar um ýmis málefni er varða faglega þróun starfseminnar.

**TVÖ FAGSVIÐ, ÞRjú
STOÐSVIÐ OG
SKRIFSTOFA RÍKIS-
ENDURSKOÐANDA**

Yfir hvoru fagsviðanna er sviðsstjóri og undir honum eru deildarstjórar, fjórir á endurskoðunarsviði og tveir á stjórnisýslusviði, sem stýra vinnu sérfræðinga. Sviðsstjóri endurskoðunarsviðs er Ingi K. Magnússon en sviðsstjóri stjórnisýslusviðs er Kristín Kalmansdóttir. Yfirlögfræðingur og staðgengill ríkisendurskoðanda er Lárus Ögmundsson, rekstrarstjóri er Eyþór Borgþórsson og skrifstofustjóri á skrifstofu ríkisendurskoðanda er Jón Loftur Björnsson.

**FAGRÁÐ RÍKIS-
ENDURSKOÐUNAR**

Fagráð stofnunarinnar skipa Pétur Vilhjálmsson, formaður, sérfræðingur á skrifstofu ríkisendurskoðanda, Albert Ólafsson, skrifstofustjóri á endurskoðunarsviði, Ingunn Ólafsdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði, Kristín Jónsdóttir, sérfræðingur á endurskoðunarsviði og Sigurgeir Bóasson, deildarstjóri á endurskoðunarsviði.



FJÁRHAGSENDURSKOÐUN

Fjárhagsendurskoðun er viðamesta verkefni Ríkisendurskoðunar. Árið 2011 var samtals rúmlega 35 þúsund vinnustundum varið til fjárhagsendurskoðunar eða sem samsvarar um 45% virkra vinnustunda hjá stofnuninni. Í árslok voru starfsmenn endurskoðunarsviðs samtals 24 í 21 stöðugildi.

Ríkisendurskoðun endurskoðar árlega ríkisreikning og reikninga ráðuneyta, stofnana, sjóða og annarra aðila þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði. Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun skal fjárhagsendurskoðun hennar miða að því að:

- Reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju.
- Kanna innra eftirlit stofnana og fyrirtækja og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við.
- Kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi.

**VIÐAMESTA VERK-
EFNI STOFNUN-
ARINNAR**

**MARKMIÐ
FJÁRHAGSENDUR-
SKOÐUNAR HJÁ
RÍKINU**



Við endurskoðunina er höfð hliðsjón af lögum um Ríkisendurskoðun, lögum um endurskoðendur, stöðlum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) og stöðlum Alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC) þar sem það á við.

Árlega birtir Ríkisendurskoðun opinbera skýrslu, *Endurskoðun ríkisreiknings*, með samandregnu heildaryfirliti um fjárhagsendurskoðun stofnunarinnar á viðkomandi ári, helstu niðurstöðum hennar og athugasemdum. Árið 2011 kom [þessi skýrsla](#) út í nóvember (sjá bls. 24).

REIKNINGSSKIL STOFNANA Í A-HLUTA

Reikningsskil aðila sem tilheyra A-hluta ríkisreiknings eru að jafnaði einfaldari en reikningsskil fyrirtækja á einkamarkaði. Munurinn felst m.a. í því að hjá ríkisstofnunum eru fjárfestingar og eignakaup gjaldfærð á því ári sem stofnað er til þeirra en ekki eignfærð og afskrifuð eins og gert er í reikningsskilum einkaaðila. Á móti kemur að stofnunum er uppálagt að halda nákvæma eignaskrá. Fjármögnun er einnig yfirlétt einfaldari en hjá einkaaðilum, þ.e. felst að langmestu leyti í framlagi úr ríkissjóði. Framsetning fjárlaga og ríkisreiknings er því tiltölulega einföld og lítið um svokallaðar reikningsskilalegar flækjur. Þetta kann þó að breytast á næstunni. Nú stendur yfir endurskoðun á lögum um fjárreiður ríkisins sem eru að stofni til frá árinu 1997 (sjá nánar umfjöllun á bls. 39–41).

MAT Á INNRA EFTIRLITI

Sem fyrr greinir felur fjárhagsendurskoðun hjá ríkinu m.a. í sér að kanna innra eftirlit ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins. Með innra eftirliti er átt við ýmsar ráðstafanir og aðgerðir sem eiga að stuðla að árangursríkum og hagkvæmum rekstri, vernda eignir, verðmæti og viðkvæm gögn, veita áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar og tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög og reglugerðir. Innra eftirlit tekur jafnan mið af greiningu og mati stofnana og fyrirtækja á hugsanlegri rekstraráhættu og birtist m.a. í ýmiss konar verklagsreglum, t.d. um aðgreiningu starfa, samþykkt útgjalda og skráningu viðskipta, en einnig í siðareglum og starfsmannastefnu.

Að mati Ríkisendurskoðunar er innra eftirlit hjá stofnunum ríkisins almennt í góðu horfi. Hins vegar hefur það ekki verið skjalfest hjá öllum stofnunum þannig að til sé yfirlit um allar þær eftirlitsaðgerðir sem notaðar eru til að fylgjast með rekstrinum. Ríkisendurskoðun ákvað því að taka saman leiðbeiningar um innra eftirlit fyrir stofnanir í A-hluta og voru þær gefnar út í maí 2011 (sjá umfjöllun í sérramma á bls. 21).

Tekið skal fram að Ríkisendurskoðun býr ekki til verklagsreglur og verkferla fyrir stofnanir heldur er það á ábyrgð stjórnenda. Ríkisendurskoðun kannar hins vegar hvort virkni innra eftirlits sé í samræmi við slíkar reglur og gerir eftir atvikum athugasemdir og leggur til leiðir til úrbóta.

EINFALDARI EN
REIKNINGSSKIL
FYRIRTÆKJA Á
EINKAMARKAÐI

INNRA EFTIRLIT
ALMENNT Í GÓÐU
HORFI HJÁ
STOFNUM

LEIÐBEININGAR RÍKISENDURSKOÐUNAR FYRIR STJÓRNENDUR HJÁ RÍKINU

Á undanförunum árum hefur Ríkisendurskoðun gefið út margvíslegar leiðbeiningar sem einkum eru ætlaðar forstöðumönnum stofnana og öðrum stjórnendum hjá ríkinu. Með þessu vill Ríkisendurskoðun styrkja fjármálastjórn og rekstur ríkisaðila og stuðla að öfluglu innra eftirliti hjá þeim. Sem dæmi má nefna leiðbeiningarrit um leiðir til að tryggja áreiðanleika gagna í upplýsingakerfum,

sem birt var árið 2002, og leiðbeiningarrit um leiðir til að afhjúpa og fyrirbyggja fjármálamisferli, sem birt var árið 2006.

LEIÐBEININGAR UM INNRA EFTIRLIT STOFNANA Í A-HLUTA

Árið 2011 birti stofnunin leiðbeiningar um innra eftirlit fyrir stjórnendur stofnana í A-hluta ríkissjóðs. Þar er einkum fjallað um gerð verklagsreglna og verkferla sem eiga að lýsa þeim

ráðstöfunum sem gripið er til vegna ýmissa áhættuþátta í starfseminni. Þessar leiðbeiningar eru í raun eins konar „tékklisti“ sem forstöðumenn og aðrir stjórnendur geta notað til að ganga úr skugga um að virkni innra eftirlits sé eins og til er ætlast. Leiðbeiningarnar og önnur leiðbeiningarrit stofnunarinnar eru birt á sérstöku vefsvæði á heimasíðu hennar, www.rikisend.is

ÁHERSLUATRIÐI VIÐ ENDURSKOÐUN ÁRSINS 2010

Eins og áður hefur komið fram lýtur fjárhagsendurskoðun hjá ríkinu m.a. að því að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við. Þessi þáttur í endurskoðuninni er mjög mikilvægur og hefur vægi hans aukist á undanförunum árum.

Á hverju ári eru valdir tilteknir þættir í rekstri ríkisins og þeir skoðaðir með samræmdum hætti hjá öllum stofnunum. Við endurskoðun ársins 2010 voru þrjú slík áhersluatriði skoðuð hjá öllum stofnunum. Í fyrsta lagi var launapróun ríkisstarfsmanna á árunum 2008 til 2010 könnuð og metið hvort aðgerðir stofnana í launamálum hafi verið í samræmi við leiðarljós í skýrslu fjármálaráðherra um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–13. Í öðru lagi var lagt mat á framkvæmd ákvörðunar stjórnvalda um að segja upp öllum föstum akstursamningum við ríkisstarfsmenn og greiða eingöngu fyrir akstur samkvæmt akstursdagbók. Í þriðja lagi voru skoðuð áhrif nýrrar reglugerðar um greiðslu ferðakostnaðar á vegum ríkisins sem tók gildi 6. mars 2009. Niðurstöðurnar má lesa í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2010.

ÁHERSLUATRIÐI VIÐ ENDURSKOÐUN ÁRSINS 2010

VAL Á ENDURSKOÐUNARANDLÖGUM – ÁHÆTTUGREINING

Ríkisreikningur samanstendur af yfir 450 fjárlagaliðum A-hluta ríkissjóðs auk upplýsinga um reikningsskil ríkisaðila í B- til E-hluta. Umfangsins vegna hefur Ríkisendurskoðun, og þeir endurskoðendur sem starfa á hennar vegum, ekki tók á að endurskoða alla þessa aðila fyrir útkomu ríkisreiknings sem undanfarin ár hefur verið í júlímánuði. Því þarf stofnunin að velja úr aðila til endurskoðunar. Það val byggist einkum á mati á áhættu, þ.e. hættu á því að reikningsskil gefi ekki glögga mynd af rekstri og efnahag, að ekki hafi verið farið að lögum og öðrum lögmætum fyrirmælum

MARKMIÐIÐ AÐ ENDURSKOÐA 80% AF GJÖLDUNUM FYRIR MITT ÁR



o.s.frv. Valið tekur einnig mið af því að tryggja þarf að allir fjárlagaliðir séu endurskoðaðir með reglubundnum hætti. Við mat á áhættu skiptir umfang fjárlagaliðar máli. Rúmlega 70 fjárlagaliðir eru með útgjöld umfram einn milljarð króna og samanlagt nema þau um 80% af heildarútgjöldum ríkisins. Um er að ræða stofnanir, safnliði og tilfærsluliði. Reikningsskil þessara liða geta ráðið miklu um það hvort ríkisreikningur í heild verði talinn gefa glögga mynd af rekstri og efnahag ríkissjóðs eða ekki. Því er miðað við að ríkisendurskoðandi áriti ekki ríkisreikning fyrir en endurskoðun þessara liða er lokið. Þar sem ríkisreikningur er gefinn út í júlí þarf að ljúka endurskoðun þeirra fyrir mitt ár. Þetta markmið náðist ekki að fullu á árinu 2011 en leitast verður við að tryggja að það náist á yfirstandandi ári.

Til þessa hefur Ríkisendurskoðun áritað ársreikninga allflestra fjárlagaliða. Umfang sumra liðanna er tiltölulega mjög lítið og þeir hafa óveruleg áhrif á niðurstöðu ríkisreiknings. Stefnt er að því að draga úr endurskoðun þessara liða og beina í staðinn kröftum að öðrum þáttum ríkisfjármálanna sem meira máli skipta.

ENDURSKOÐUN EFNAHAGS OG TEKNA

Í kjölfar bankahrunsins árið 2008 hefur efnahagsreikningur ríkisins orðið til muna flóknari en áður var. Bæði lántökur og lánveitingar hafa aukist mikið auk þess sem ríkissjóður hefur átt í flóknum fjármálaviðskiptum vegna endurreisnar bankakerfisins. Til að bregðast við þessu hefur Ríkisendurskoðun leitast við að verja meiri tíma en áður í endurskoðun efnahags. Hrunið hefur einnig haft mikil áhrif á tekjuöflun ríkissjóðs, t.a.m. hefur Alþingi samþykkt ýmsar aðgerðir til að auka tekjurnar. Í mörgum tilvikum er um að ræða margþættar og flóknar breytingar á lögum. Stofnunin hefur reynt að bregðast við þessu með því að verja meiri tíma en áður í að greina og endurskoða tekjur ríkisins.

EFNAHAGS- REIKNINGUR RÍKISINS NÚ FLÓKNARI EN ÁÐUR



VERKLAG VIÐ ENDURSKOÐUN – INNLEIÐING ALÞJÓÐLEGRA STAÐLA

Alþjóðasamtök ríkisendurskoðana (INTOSAI) gefa út staðla um endurskoðun hjá hinu opinbera (*International Standards of Supreme Audit Institutions – ISSAI*). Aðildarstofnunum samtakanna er ekki skylt að fylgja þessum stöðlum nema lög kveði á um það. Hins vegar leitast þær allar við að uppfylla kröfur staðlanna enda eru þeir byggðir á bestu þekkingu og reynslu á sviði opinberrar endurskoðunar. Árið 2010 gáfu INTOSAI út nýja og mun ítarlegri staðla um fjárhagsendurskoðun en þá sem samtökin höfðu áður gefið út. Þeir fela í raun í sér aðlögun staðla Alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC) að opinbera geiranum. Með setningu nýrra laga um endurskoðendur árið 2008 var þeim gert að fylgja síðarnefndu stöðlunum í sínum störfum.

**NÝIR ISSAI-STAÐLAR
ÁRIÐ 2010**

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að fylgja í hvívetna alþjóðlegum stöðlum sem um starfsemi hennar gilda. Á árinu 2011 hófst innleiðing ISSAI-staðlanna hjá stofnuninni sem felst m.a. í að þjálfa starfsmenn í að beita þeim. Tilteknir staðlar hafa verið teknir fyrir í hverjum mánuði á endurskoðunarsviði, þeir krufnir til mergjar og rætt um hvernig þeim skuli beitt. Þessari vinnu mun væntanlega ljúka á seinni hluta ársins 2012 en þess má geta að við hana er mjög horft til þess hvernig norrænar systurstofnanir Ríkisendurskoðunar hafa staðið að innleiðingu staðlanna. Flestar þessara stofnana stefna að því að ljúka innleiðingunni á yfirstandandi ári.

**STEFNT AÐ ÞVÍ AÐ LJÚKA
INNLEIÐINGUNNI Á ÁRINU**

ÚTTEKTIR Á UPPLÝSINGAKERFUM

Liður í fjárhagsendurskoðun hjá ríkinu er að ganga úr skugga um hvort rafræn upplýsingakerfi stofnana og fyrirtækja séu örugg og skili þeim árangri sem vænst er. Við þessa vinnu er m.a. höfð hliðsjón af lögum um Ríkisendurskoðun, stöðlum og leiðbeiningum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

**MARKMIÐ ÚTTEKTA Á
UPPLÝSINGAKERFUM**


Niðurstöður úttekta á upplýsingakerfum eru settar fram í skýrslum sem oftast nær eru eingöngu sendar þeim stofnunum sem þær lúta að og viðkomandi fagráðuneyti þar sem þær greina iðulega frá viðkvæmum öryggismálum. Óvarlegt er að birta þær opinberlega svo að vitneskja um hugsanlega veikleika upplýsingakerfa komist ekki á annarra vitorð áður en búið er að bæta úr þeim.

Þrír af 24 starfsmönnum endurskoðunarsviðs sinntu úttektum á upplýsingakerfum árið 2011. Auk þess sinntu þessir starfsmenn ýmsum verkefnum sem tengjast innleiðingu og rekstri hugbúnaðar hjá Ríkisendurskoðun.

SKÝRSLA UM ENDURSKOÐUN RÍKISREIKNINGS 2010

Ríkisendurskoðun birti skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings 2010 í nóvember 2011. Með áritun sinni á reikninginn staðfesti ríkisendurskoðandi að hann gæfi glögga mynd af afkomu ríkissjóðs, ríkisstofnana, fyrirtækja og sjóða í A- til E-hluta ríkissjóðs, efnahag í árslok og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Áritunin var fyrirvaralaus. Í skýrslunni var megináhersla lögð á þær athugasemdir sem Ríkisendurskoðun gerði við bókhald, reikningsskil og fjármálastjórn ríkisins og bent á ýmsar leiðir til úrbóta. M.a. var vakin athygli á því að einkafyrirtæki og sveitarfélög færa svokallaða varanlega rekstrarfjármuni til eignar og

fyrna þá síðan árlega en hjá ríkinu eru slíkir fjármunir gjaldfærðir að fullu á kaupári. Ríkisendurskoðun lagði til að reikningsskilareglum yrði breytt á þann veg að varanlegir rekstrarfjármunir yrðu eignfærðir hjá ríkinu og síðan fyrndir á sama hátt og hjá einkafyrirtækjum og sveitarfélögum. Þá var í skýrslunni lagt til að komið yrði á fót miðlægri innri endurskoðunardeild á vegum framkvæmdarvaldsins og að dregið yrði úr svokölluðum „opnum heimildum“ í fjárlögum en það eru útgjaldaheimildir sem ekki fela í sér hámarksfjárhæðir. Enn fremur hvatti Ríkisendurskoðun til þess að samkomulag ríkisins og sveitarfélaganna um uppgjör á staðgreislu yrði endurskoðað,



að settar yrðu reglur um færslu fjárheimilda milli fjárlagaliða og að reglum um markaðar tekjur og bundið eigið fé yrði breytt. Fjölmargar fleiri athugasemdir og ábendingar var að finna í skýrslunni.

STJÓRNSÝSLUENDURSKOÐUN

Samkvæmt 9. gr. laga um Ríkisendurskoðun getur stofnunin kannað meðferð og nýtingu ríkisfjár og sett fram tillögur um leiðir til að bæta þessa þætti. Verkefnið nefnist stjórnsýsluendurskoðun og er eitt meginviðfangsefni ríkisendurskoðana hvarvetna í heiminum. Stjórnsýsluúttektir eru í raun athuganir á því hve vel ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum ríkisins gengur að leysa þau verkefni sem þeim eru falin. Við þessa vinnu tekur stofnunin mið af lögum um Ríkisendurskoðun, lögskýringargögnum og stöðlum og leiðbeiningum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI).

Árið 2011 var samtals tæplega 20 þúsund vinnustundum varið til stjórnsýsluendurskoðunar eða sem samsvarar um fjórðungi af heildarfjölda virkra vinnustunda hjá stofnuninni. Þetta er svipað hlutfall og árið 2010 en mun hærra en fram að því. Skýringin er sú að starfsmönnum stjórnsýslusviðs hefur fjölgað nokkuð samhliða áherslu- og skipulagsbreytingum innan stofnunarinnar. Þeir voru 8 í árslok 2009, 12 í árslok 2010 en fækkaði svo raunar um tvo á árinu 2011 og voru 10 í lok þess.

**MAT Á FRAMMISTÖÐU
RÁÐUNEYTA, STOFNANA
OG FYRIRTÆKJA RÍKISINS**

**VÆGI STJÓRNSÝSLU-
ENDURSKOÐUNAR Í
STARFSEMINNI HEFUR
AUKIST**



Í stjórnsýsluúttektum er reynt að meta hvort sú starfsemi sem um ræðir sé hagsýn, skilvirk og árangursrík og hvort farið sé að gildandi lögum og reglum í þessu sambandi. *Hagsýni* vísar til þess hve vel tekst að halda niðri kostnaði við „aðföng“ sem í opinberum rekstri geta t.d. verið vinnuafli, húsnæði og búnaður. *Skilvirkni* vísar til þess hve vel slík aðföng eru nýtt til að framleiða „afurðir“ sem í opinberum rekstri geta t.d. verið afgreidd erindi, veittar meðferðir á sjúkrahöfnum eða útskrifaðir nemendur. Loks

vísar *árangur* til þess hvort þau markmið nást sem að er stefnt. Tekið skal fram að ekki er endilega horft á mál út frá öllum þessum þremur sjónarhornum í hverri stjórnsýsluúttekt.

SKÝRSLA UM SORPBRENNSLUR MEÐ UNÐANÞÁGU FRÁ TILSKIPUN ESB

Í maí 2011 birti Ríkisendurskoðun skýrslu um framkvæmd reglna um sorpbrennslustöðvar hér á landi og eftirlit með starfsemi þeirra. Fram kom að árið 2000 hefði Evrópusambandið (ESB) gefið út tilskipun sem m.a. fól í sér strangari reglur en áður giltu um hámarkslosun sorpbrennslustöðva á mengandi efnum út í andrúmsloftið. Vegna aðildarinnar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) bar íslenskum stjórnvöldum að innleiða tilskipunina hér á landi. Þau sóttust hins vegar eftir því að starfandi sorpbrennslustöðvar hér fengju undanþágu frá ákvæðum hennar þar sem mengun frá þeim væri lítil og kostnaður við að uppfylla kröfurnar yrði þeim ofviða. ESB féllst á þessi sjónarmið og árið 2003 fengu sjö sorpbrennslustöðvar ótímabundna undanþágu. Undanþága frá ákvæðum

tilskipunarinnar var veitt með tilteknum skilyrðum. Í skýrslunni kom fram að Ríkisendurskoðun taldi að umhverfisráðuneytið hefði ekki framfylgt þessum skilyrðum með nægilega markvissum hætti. Þá hefði ráðuneytið heldur ekki séð til þess að óljós atriði skilyrðanna væru skýrð. Ríkisendurskoðun hvatti ráðuneytið til að hafa forgöngu um að móta heildstæða stefnu um förgun úrgangs hér á landi. Meta þyrfti hvort sorpbrennslustöðvar ættu að starfa áfram og hvort ríkisvaldið ætti að einhverju leyti að taka þátt í uppbyggingu þeirra.

Fram kom að þær sorpbrennslustöðvar sem undanþágan tók til hefðu ítrekað brotið gegn reglugerðum sem um starfsemi þeirra gilda. Umhverfisstofnun hefði krafið



stöðvarnar um úrbætur en ekki lagt dagsektir á þær eða svipt þær starfsleyfum, eins og hún getur gert að vissum skilyrðum uppfylltum. Ríkisendurskoðun taldi að Umhverfisstofnun ætti að beita þeim lagaheimildum sem hún hefur til að tryggja að sorpbrennslustöðvar fari að settum reglum.

FLESTAR ÚTTEKTIR UNNAR AÐ FRUMKVÆÐI STOFNUNARINNAR

Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun getur stofnunin gert stjórnsýsluendurskoðun hjá öllum þeim aðilum sem fjármagna starfsemi sína með ríkisfé, ríkið á að hálfu eða meira eða njóta framlaga úr ríkissjóði vegna þjónustu sem þeir veita. Flestar úttektir eru unnar að frumkvæði stofnunarinnar sjálfrar út frá greiningu á annars vegar fjárhagslegu eða samfélagslegu mikilvægi og hins vegar áhættu í rekstri og starfsumhverfi. Hluti úttekta er þó ávallt unninn að beiðni Alþingis eða ráðneyta. Þegar úttekt er unnin samkvæmt beiðni afmarkar Ríkisendurskoðun sjálf efnið, ákveður aðferð, áherslur og framsetningu niðurstaðna.

Alla jafna skiptir Ríkisendurskoðun stjórnsýsluúttektum sínum í þrjá meginhluta: forkönnun, aðalúttekt og eftirfylgni. Í forkönnun skal leitast við að meta möguleika og réttmæti þess að hefja stjórnsýsluúttekt. Leiði forkönnun í ljós að aðalúttekt er

ótímabær eða að væntanlegur ávinningur hennar verði minni en kostnaður er ekki ráðist í aðalúttekt. Leiði forkönnun í ljós umtalsverðan ávinning af aðalúttekt er samin úttektaráætlun þar sem settar eru fram þær spurningar sem aðalúttekt er ætlað að svara, viðfangsefnið afmarkað, aðferðir skilgreindar og tiltekinn sá tími og mannskapur sem nauðsynlegur er til að vinna úttektina. Í aðalúttekt er safnað saman öllum fánlegum gögnum sem máli skipta til að svara spurningum úttektar, þau greind, metin og túlkuð á hlutlægan og faglegan hátt. Því næst eru niðurstöður mótaðar og eftir atvikum ábendingar um leiðir til úrbóta. Eftir að skýrsludrög hafa verið rýnd innanhúss eru þau send stofnun og/eða ráðuneyti til umsagnar. Endanleg skýrsla er síðar gerð opinber og send þeim aðilum sem í hlut eiga. Í eftirfylgniúttekt einu til þremur árum eftir að aðalúttekt lauk skal meta árangur úttektar, þ.e. viðbrögð stofnunar, ráðuneytis eða Alþingis við ábendingum Ríkisendurskoðunar. Niðurstöður þeirrar úttektar eru gerðar opinberar og sendar þeim aðilum sem í hlut eiga. Slík úttekt getur leitt til nýrrar úttektar.

**FORKÖNNUN,
AÐALÚTTEKT OG
EFTIRFYLGNI**

Stjórnsýslusvið starfar samkvæmt þriggja ára starfsáætlun sem endurskoðuð er árlega. Núverandi starfsáætlun gildir fyrir tímabilið frá hausti 2010 til hausts 2012. Þar kemur fram að úttektir á tímabilinu muni sérstaklega beinast að þeim vandamálum sem stjórnvöld og stofnanir ríkisins standa frammi fyrir vegna minnkandi ríkistekna, samdráttar í opinberum rekstri og endurskipulagningar opinberrar þjónustu. Hugað verði að leiðum sem stuðla að bættri meðferð ríkisfjár og hagkvæmni í rekstri ríkisins og einstakra stofnana þess. Einnig verði fylgst með því hvort verkefni eða þjónusta sem ríkið greiðir fyrir séu unnin í samræmi við lög og reglur. Þá verði fylgst með daglegum rekstri ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins og almennum áætlunum og aðgerðum ríkisins í einstökum málaflokkum.

**STARFSÁÆTLUN
STJÓRNSÝSLUSVIÐS**

Niðurstöður stjórnsýsluúttekta eru settar fram í skýrslum sem sendar eru forseta Alþingis og hlutaðeigandi aðilum og birtar opinberlega á vefsíðu Ríkisendurskoðunar, www.rikisend.is. Á undanförunum tveimur árum hefur orðið sú breyting að úttektir eru yfirleitt afmarkaðri en áður og taka að jafnaði skemmri tíma. Í kjölfarið hefur fjöldi skýrslna sem sviðið lýkur á hverju ári margfaldast. Með því að vinna hnitmiðaðar úttektir vill Ríkisendurskoðun stuðla að því að Alþingi og stjórnvöld fái tímanlegar upplýsingar sem nýtast þeim við ákvarðanatöku.

**FJÖLDI SKÝRLSNA
HEFUR MARGFALDAST
UNDANFARIN ÁR**

ÚTTEKTIR SEM LOKIÐ VAR ÁRIÐ 2011

Árið 2011 luku starfsmenn stjórnsýslusviðs við samtals 27 skýrslur miðað við 22 árið á undan. Þar af voru 4 (15%) unnar samkvæmt beiðni frá nefndum Alþingis eða ráðuneytum en 24 (85%) að frumkvæði Ríkisendurskoðunar.

SKÝRSLA UM ÞJÓNUSTUSAMNINGA BARNAVERNDARSTOFU OG LOK ÞEIRRA

Í febrúar 2011 birti Ríkisendurskoðun skýrslu um þjónustusamninga Barnaverndarstofu og lok þeirra. Fram kom að Barnaverndarstofa hefði allt frá árinu 1995 samið við einkaaðila um rekstur meðferðarheimila fyrir börn og unglinga sem ættu við alvarlega hegðunarferðleika að stríða. Alls átta sinnum hefði Barnaverndarstofa haft frumkvæði að því að þjónustusamningi við meðferðarheimili væri slitið áður en gildistími hans rann út. Við þessi samningsslit hefði stofan leitast við að gæta hagsmuna ríkisins og þeirra barna sem dvöldu á heimilunum en jafnframt sýna rekstraraðilunum sanngirni. Þrisvar hefði verið samið við

rekstraraðila um sérstaka uppgjörsgreiðslu eða bætur við samningsslit. Ríkisendurskoðun taldi að þessar greiðslur orkuðu um margt tvímælis. Ef ætlunin væri að semja áfram við einkarekin meðferðarheimili bæri að tryggja að mögulegar greiðslur til þeirra vegna samningsslita væru gagnsæjar, málefnalegar, byggðar á skráðum reglum, samningum og raunverulegu uppgjöri. Ávallt þyrfti að ganga úr skugga um að uppsögn þjónustusamnings væri lögmæt áður en til hennar kæmi svo ekki yrði ágreiningur um það. Þá bæri velferðarráðuneytinu að koma á sjálfstæðu ytra eftirliti með framkvæmd samninganna. Enn fremur væri brýnt að spornað yrði gegn



óeðlilegum afskiptum utanaðkomandi aðila, jafnt stjórnálmanna sem annarra, að lausn mála. Slík afskipti græfu undan faglegum vinnubrögðum og drægju úr tiltrú almennings á stjórnarsýslunni.

Árið 2011 lauk stjórnarsýsluvið Ríkisendurskoðunar við eftirtaldar skýrslur:

27 SKÝRSLUR ÁRIÐ 2011

- [Skuldbindandi samningar – 2. Velferðarráðuneyti](#)
- [Skuldbindandi samningar – 1. Iðnaðarráðuneyti](#)
- [Beingreiðslur vegna sauðfjárræktar](#)
- [Hólaskóli – Háskólinn á Hólum](#)
- [Þróun lyfjakostnaðar 2008–2010](#)
- [Biskupsstofa, sóknir og sjóðir kirkjunnar](#)
- [Ábending frá Ríkisendurskoðun. Framkvæmd og utanumhald rammasamninga](#)
- [Mannauðsmál ríkisins – 2. Stefna stjórnvalda og staða mannaúðsmála](#)
- [Ábending frá Ríkisendurskoðun: Ítrekun. Endurskoða þarf löggjöf um verkefni Umhverfisstofnunar](#)
- [Sjúkrahúsið á Akureyri](#)
- [Ábending frá Ríkisendurskoðun. Skuldbindandi rekstrar- og þjónustusamningar ríkisins](#)
- [Lánasjóður íslenskra námsmanna. Lánshæfi náms og þróun útlána](#)
- [Sameining í ríkisrekstri – 6. Embætti landlæknis](#)
- [Skýrsla um eftirfylgni: Samgönguframkvæmdir \(2008\)](#)

- [Skýrsla um eftirfylgni: Vinnumálastofnun \(2008\)](#)
- [Sorbrennslur með undanþágu frá tilskipun ESB](#)
- [Skýrsla um eftirfylgni: Þjóðleikhúsið \(2008\)](#)
- [Viðskipti heilbrigðisyfirvalda við Heimilislæknastöðina ehf.](#)
- [Útvistun opinberra verkefna til Bændasamtaka Íslands](#)
- [Skýrsla um eftirfylgni: Stjórnarráðið](#)
- [Innheimta opinberra gjalda](#)
- [Þjónustusamningar Barnaverndarstofu og lok þeirra. Skýrsla til Alþingis](#)
- [Sameining í ríkisrekstri – 5. Velferðarráðuneyti. Skýrsla til Alþingis](#)
- [Sameining í ríkisrekstri – 4. Innanríkisráðuneyti. Skýrsla til Alþingis](#)
- [Ábending frá Ríkisendurskoðun. Úthlutun styrkja úr Rannsóknasjóði](#)
- [Mannauðsmál ríkisins – 1. Starfslok ríkisstarfsmanna. Skýrsla til Alþingis](#)
- [Stjórnun og rekstur Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands. Skýrsla til Alþingis](#)

EFTIRFYLGNI STJÓRNSÝSLUÚTTEKTA

Ríkisendurskoðun leitast við að meta árangur stjórnarsýsluendurskoðunar með því að kanna viðbrögð stjórnvalda og stofnana við ábendingum sem fram koma í skýrslum. Slík eftirfylgni fer að jafnaði fram u.þ.b. þremur árum eftir að skýrsla er gefin út en þó getur liðið ýmist lengri eða skemmri tími frá útgáfu til eftirfylgni. Árangur er metinn út frá því hvort telja megi að ábendingar hafi verið framkvæmdar að fullu eða hluta.

**KANNAÐ HVORT
ÁBENDINGAR HAFI
KOMIÐ TIL
FRAMKVÆMDA**



Árið 2011 fylgdi stofnunin eftir 12 skýrslum frá árunum 2006–9 en samtals voru settar fram 89 meginábendingar í þeim. Þar af taldi Ríkisendurskoðun að 68 (76%) hefðu verið framkvæmdar að fullu eða hluta. Stofnunin ítrekaði 24 ábendingar sem ekki höfðu verið framkvæmdar eða aðeins að hluta. Með þessu móti vill Ríkisendurskoðun þrýsta á stjórnvöld að fylgja ábendingunum eða a.m.k. taka rökstudda afstöðu til þeirra. Samandregið yfirlit um niðurstöður eftirfylgni stjórnarsýsluúttekta árunum 2005–11 má sjá í eftirfarandi töflu.

**76% ÁRANGUR Í
EFTIRFYLGNI ÁRSINS
2011**

Eftirfylgni stjórnsluúttekta 2008–11						
Ár	Skýrslur	Megin-ábendingar	Framkvæmdar að fullu eða hl.	Árangur	Dregnar til baka	Ítrekaðar
2008	4 FRÁ 2005	42	38	90%		
2009	3 FRÁ 2006	29	22	76%		
2010	5 FRÁ 2007	45	32	71%	1	21
2011	12 FRÁ 2006–9	89	68	76%		24
SAMTALS	24	205	160	78%	1	45


Ríkisendurskoðun stefnir að því að a.m.k. 80% samanlagðra ábendinga í stjórnsluúttektum hvers árs hafi komið til framkvæmda þegar þrjú ár eru liðin frá útgáfu þeirra. Miðað við töfluna vantar örlítið upp á að þetta markmið hafi náðst síðustu þrjú ár. Engu að síður telur stofnunin að hún geti vel við unað. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að Ríkisendurskoðun ræður ekki viðbrögðum stjórnvalda við ábendingum skýrslna hennar. Hins vegar gildir almennt að því betur sem ábending er rökstudd, þeim mun meiri líkur eru á því að hún verði tekin til greina.

TVÆR SKÝRSLUR UM MANNAUÐSMÁL RÍKISINS

Árið 2011 gaf Ríkisendurskoðun út tvær skýrslur um mannaúðsmál ríkisins. Í þeirri fyrri, sem kom út í janúar, var fjallað um þær reglur sem gilda um starfslok ríkisstarfsmanna hér á landi sem einkum er að finna í lögum um réttindi og skyldur þeirra (starfsmannalögum). M.a. kom fram að miðað við fjölda ríkisstarfsmanna væri áminningu samkvæmt starfsmannalögum mjög sjaldan beitt. Ástæðan væri m.a. sú að ferlið sem löggin mæla fyrir um væri flókið og tímafrekt. Einnig kom fram í skýrslunni að í samfélaginu ríkti neikvæt viðhorf til áminningar þar sem hún væri talin jafngilda ærumissi fyrir þann sem fyrir henni yrði. Þá var bent á að ekki væri ávallt við hæfi að beita áminningu þótt skilyrði fyrir beitingu hennar virtust vera fyrir hendi. Úrræðið væri því að ýmsu leyti gallað og nýttist ekki eins og upphaflega var ætlað. Lagt var til að málsmeðferð við uppsögn ríkisstarfsmanna yrði einfölduð og ákvæði starfsmannalaga um áminningu endurskoðuð. Bent var á að þótt áminningarskyldan yrði felld brott myndu stjórnsýslulög eftir sem áður

tryggja að uppsögn byggðist á málefnalegum sjónamiðum.

Í síðari skýrslunni, sem var birt í september, kom fram að mannaúðsstjórnun hjá ríkinu væri vanþróuð og almennt ekki eins öflug og hjá einkafyrirtækjum. Verulega skorti á að frammi staða allra ríkisstarfsmanna væri metin formlega og reglubundið. Þá væri lítið um að laun væru tengd frammistöðu. Ríkisendurskoðun lagði til að stjórnvöld leituðu fyrirmynda á öðrum Norðurlöndum um það hvernig unnt væri að bæta úr þessu. Einnig hvatti stofnunin stjórnvöld til að móta formlega heildarstefnu um mannaúðsmál sem næði til allra ráðuneyta og stofnana ríkisins. Að auki ætti að móta sérstaka stefnu í málefnum stjórnenda hjá ríkinu. Fyrst þyrfti þó fyrst að greina mögulega veikleika í mannaúðsmálum ríkisins. Við stefnumótun um mannaúðsmál ríkisins þyrftu stjórnvöld að ákveða hvernig bregðast eigi við slíkum veikleikum. Þá lagði Ríkisendurskoðun til að hlutverk starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins yrði útvíkkað þannig að það tæki til fleiri



þátta mannaúðsmála en nú. Ýmsar fleiri ábendingar var að finna í skýrslunum.

ÖNNUR VIÐFANGSEFNI

FJÖLBREYTT EFTIRLITSVERKEFNI

Árið 2011 var samtals um 7.200 vinnustundum varið til eftirlitsverkefna annarra en fjárhagsendurskoðunar eða stjórnásluendurskoðunar. Þetta jafngildir um 9% af heildarfjölda virkra vinnustunda á árinu og er lítillega hærra hlutfall en árið á undan. Hér er einkum um að ræða eftirlit með framkvæmd fjárlaga, eftirlit með fjármálum stjórnáslasamtaka og frambjóðenda og eftirlit með sjálfseignarstofnunum.

Rúmlega 18 þúsund vinnustundum var ráðstafað til yfirstjórnar og stoðþjónustu eða um fimmtungi af heildarfjölda virkra vinnustunda á árinu. Hér er m.a. átt við störf ríkisendurskoðanda, almennan rekstur stofnunarinnar, mótuneyti, móttöku og tölvuþjónustu við starfsmenn. Einnig fellur þar undir lögfræðileg ráðgjöf við ríkisendurskoðanda og fagsvið stofnunarinnar, upplýsingamiðlun, útgáfumál og alþjóðleg samskipti.

Samtals voru starfsmenn sem sinntu stoðþjónustu og eftirlitsverkefnum öðrum en fjárhagsendurskoðun eða stjórnásluendurskoðun 14 í árslok 2011.

EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD FJÁRLAGA

STEFNT AÐ ÞVÍ AÐ BIRTA SKÝRSLU ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA

Auk reglubundinnar fjárhagsendurskoðunar sinnir Ríkisendurskoðun sérstöku eftirliti með framkvæmd fjárlaga í samræmi við lög um stofnunina. Í þessu felst að fylgjast með því hvort stofnanir fara að ákvæðum fjárlaga, fjárreiðulaga og reglugerðar um framkvæmd fjárlaga. Árið 2011 birti Ríkisendurskoðun ekki sérstaka skýrslu með niðurstöðum þessa eftirlits en á undanförunum árum hefur stofnunin gefið út 1–2 slíkar skýrslur árlega. Frá og með árinu 2012 er stefnt að því að birta ársfjórðungslega skýrslu um eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

INNLEIÐING NÝS SKJALAKERFIS HJÁ RÍKISENDURSKOÐUN

Árið 2011 var unnið að innleiðingu nýs skjalakerfis hjá Ríkisendurskoðun sem formlega var tekið í notkun í ársbyrjun 2012. Segja má að ferlið hafi hafist árið 2010 þegar nokkrir starfsmenn voru skipaðir í vinnuhóp sem falið var að meta hugsanlega þörf fyrir breytingar á skjalmálum stofnunarinnar. Í kjölfarið var samið við fyrirtækið Gagnavörsluna ehf. um að gera úttekt á stöðu þessara mála. Úttektin leiddi í ljós að þörf var á ýmsum úrbótum, m.a. vegna þess að rafrænt skjalakerfi stofnunarinnar hafði ekki þróast í takt við þarfir

notenda og nýja tækni. Því lá fyrir að stofnunin þyrfti að endurnýja skjalakerfi sitt.

Ríkisendurskoðun kannaði verð á þremur skjalakerfum sem talin voru uppfylla þarfir stofnunarinnar. Ákveðið var að taka tilboði frá fyrirtækinu *OneSystems* sem hannað hefur samskipta- og skjalastjórnunarkerfi sem kallast *OneCRM*, en það byggir á *Microsoft*-stýrikerfum og vefviðmóti. Markmiðið með breytingum á skjalamálum Ríkisendurskoðunar var m.a. að bæta upplýsingaflæði, yfirsýn og rekjanleika.

Starf skjalastjóra stofnunarinnar var auglýst laust til umsóknar haustið 2011. Alls sóttu 20 um og var nýr skjalastjóri ráðinn fljótlega og hóf störf í október. Samhliða vali á nýju skjalakerfi var málalykill stofnunarinnar tekinn til endurskoðunar sem og skipulag skjalavörslu almennt. Mörkuð var stefna Ríkisendurskoðunar um skjalamál og nýjar reglur settar á þessu sviði. Nýr málalykill Ríkisendurskoðunar hlaut samþykki Þjóðskjalasafns Íslands í október og í kjölfarið var skjalakerfið og nýtt verklag kynnt starfsmönnum.

EFTIRLIT MEÐ FJÁRREIÐUM STJÓRN MÁLASAMTAKA OG FRAMBJÓÐENDA

Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með fjármálum stjórn málasamtaka og frambjóðenda samkvæmt [lögum nr. 162/2006](#). Lögin skylda stjórn málasamtök til að skila samstæðureikningi, þ.e. ársreikningi fyrir allar einingar sem undir þau falla, til Ríkisendurskoðunar sem í kjölfarið skal birta útdrátt úr honum. Þá skylda lögin frambjóðendur í persónukjöri til að skila stofnuninni uppgjöri um tekjur og kostnað vegna kosningabaráttu. Fari heildarkostnaður frambjóðanda af kosningabaráttu ekki fram úr 400 þús.kr. nægir honum þó að skila skriflegri yfirlýsingu þar um. Ríkisendurskoðun skal síðan birta útdrátt úr slíkum uppgjörum. Reikningur stjórn málasamtaka skal vera endurskoðaður og áritaður af endurskoðanda en uppgjör frambjóðanda skal vera áritað af endurskoðanda eða bókhaldsfróðum skoðunarmanni. Bæði stjórn málasamtökum og frambjóðendum er óheimilt, með ákveðnum undantekningum þó, að taka við hærra framlagi frá lögaðila eða einstaklingi en sem nemur 400 þús.kr. á ári. Í reikningi stjórn málasamtaka og uppgjöri frambjóðanda skal tilgreina nöfn allra lögaðila sem veitt hafa framlög og gildir fjárhæðin þá einu. Einnig skal þar tilgreina nöfn einstaklinga sem hafa veitt framlög yfir 200 þús.kr.

Í lögnum er stjórn málasamtökum gefinn frestur til 1. október ár hvert til að skila reikningum næstliðins árs til Ríkisendurskoðunar. Ekki náðu allir flokkar að skila reikningum sínum vegna ársins 2010 fyrir 1. október 2011. Samfylkingin, Samtök fullveldissinna, Besti flokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Íslandshreyfingin skiluðu eftir að fresturinn var runninn út. Ríkisendurskoðun birti útdrátt úr reikningum flokkanna eftir að stofnunin hafði yfirfarið þá.

**UPPLÝSINGASKYLDA
FLOKKA OG
FRAMBJÓÐENDA**

SKIL FRAMBJÓÐENDA TIL STJÓRNLAGA- ÞINGS

Frambjóðendum til stjórnlagabings, sem kosið var til hinn 27. nóvember 2010, bar að skila Ríkisendurskoðun upplýsingum um framlög og kostnað vegna kosningabaráttu sinnar. Í kjölfar ákvörðunar Hæstaréttar Íslands um að ógilda kosninguna felldi Alþingi lög um stjórnlagabing úr gildi hinn 7. apríl 2011. Margir frambjóðendur höfðu þá þegar skilað stofnuninni annaðhvort yfirlýsingum um að kostnaður af kosningabaráttu hefði ekki verið meiri en 400 þús.kr. eða uppgjörum. Upplýsingar um skil frambjóðendanna og útdráttur úr uppgjörinum voru birt á heimasíðu Ríkisendurskoðunar en þar sem löggin höfðu verið felld úr gildi ákvað stofnunin að ganga ekki eftir því að þeir tæplega 200 frambjóðendur sem enn áttu eftir að skila á þessum tíma gerðu það.

INNRI UPPLÝSINGAFUNDIR OG MÁLSTOFUR HJÁ RÍKISENDURSKOÐUN

Hjá Ríkisendurskoðun er lögð áhersla á að starfsmenn séu almennt vel upplýstir um rekstur og starfsemi stofnunarinnar. Í þessu skyni er m.a. haldið úti innri vef þar sem nálgast má margvíslegar upplýsingar um starfsemina. Einnig efnir ríkisendurskoðandi reglulega til sérstakra upplýsingafunda fyrir starfsmenn. Einu sinni í mánuði er haldin málstofa þar sem starfsmenn eða utanaðkomandi fyrirlesarar fjalla um málefni sem tengjast stofnuninni á einn eða annan hátt. Á myndinni má sjá Ólaf Stephensen, ritstjóra Fréttablaðsins, sem flutti erindi á málstofu Ríkisendurskoðunar í febrúar 2011.



ÆFTIRLIT MEÐ SJÁLFSEIGNARSTOFNUNUM SEM EKKI STUNDA ATVINNUREKSTUR

Samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá er Ríkisendurskoðun falið að annast eftirlit með þeim aðilum sem löggin ná til en þeir eru nú rúmlega 700. Einkum er hér um að ræða sjálfseignarstofnanir sem ekki stunda atvinnurekstur, s.s. ýmsa styrktar- og minningarsjóði. Þessum aðilum er skylt að senda ársreikninga sína til Ríkisendurskoðunar sem skal hafa eftirlit með því að þeir skili sér. Þá er stofnuninni gert að halda skrá yfir þessa aðila. Hafi reikningur ekki borist í eitt ár eða hann reynst ófullkominn að einhverju leyti getur

RÚMLEGA 700 AÐILAR

Ríkisendurskoðun vísað málinu til sýslumanns sem eftir atvikum getur falið lögreglu að rannsaka fjárreiður viðkomandi aðila. Í júní 2011 birti Ríkisendurskoðun [Yfirlit um sjálfseignarstofnanir og sjóði sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá fyrir rekstrarárið 2009.](#)

GETUR VÍSAÐ MÁLUM
TIL SÝSLUMANNS



LÖGFRÆÐILEGAR ÁLITSGERÐIR

Árlega þarf Ríkisendurskoðun að fjalla um eða láta í ljós álit sitt á margvíslegum lögfræðilegum álitamálum sem varða fjárreiður og stjórnsýslu ríkisins. Yfirleitt eru þau unnin í tengslum við endurskoðunar- og eftirlitsverkefni stofnunarinnar og birt, með einum eða öðrum hætti, í skýrslum hennar. Árið 2011 var t.d. fjallað um ýmis lagaleg álitaefni í skýrslunni [Endurskoðun ríkisreiknings 2010.](#)

ÚTGÁFA OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að miðla upplýsingum um hlutverk sitt og starfsemi út í samfélagið. Þetta gerir stofnunin m.a. með því að gefa út opinberar skýrslur á rafrænu formi og rit og halda úti vefsíðu (www.rikisend.is). Einkum leitast stofnunin við að sníða skýrslur sínar að þörfum Alþingis enda eiga þær m.a. að nýtast því við eftirlit með framkvæmdarvaldinu.

Upplýsingastefna Ríkisendurskoðunar er í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) og tekur mið af upplýsingastefnum norræna systurstofnana. Samkvæmt stefnunni er vönduð og öflug ytri upplýsingamiðlun ein forsenda þess að stofnunin geti rækt hlutverk sitt og náð árangri. Einnig kemur fram að stofnunin vilji hafa frumkvæði að því að miðla upplýsingum um hlutverk sitt og störf. Stofnunin hefur mótað þriggja ára áætlun um ytri upplýsingamiðlun á grundvelli upplýsingastefnunnar með mælanlegum markmiðum.

Flestar skýrslur Ríkisendurskoðunar sem birtar eru opinberlega eru ætlaðar þingmönnum og almenningi. Framsetning upplýsinga í þeim þarf að vera þannig að þessir

ÞRIGGJA ÁRA
ÁÆTLUN UM YTRI
UPPLÝSINGAMIÐLUN

aðilar eigi auðvelt með að glöggva sig á efninu. Ekki er gert ráð fyrir að lesandinn hafi mikla þekkingu á efninu fyrirfram þótt hann þurfi að vita um verkefni ríkisvaldsins og hvernig stjórnýslan er uppbyggð. Hluti opinberra skýrslna stofnunarinnar er hins vegar sérfræðiskýrslur sem ekki eru skrifaðar fyrir almenna lesendur. Engu að síður er leitast við að hafa þær eins aðgengilegar og læsilegar og nokkur kostur er.

Það rit sem oftast var opnað á vefsíðu Ríkisendurskoðunar árið 2011 var skýrslan *Mannauðsmál ríkisins – 2. Stefna stjórnvalda og staða mannaúðsmála* sem kom út á árinu. Eftirfarandi er listi yfir 10 mest opnuðu ritin. Athygli vekur að á honum eru tvær skýrslur sem eru komnar nokkuð til ára sinna, þ.e. skýrslan um stjórnýsluendurskoðun á Húsnæðisstofnun ríkisins frá árinu 1996 og um einkavæðingu helstu ríkisfyrirtækja frá árinu 2003.

10 mest opnuðu ritin á www.rikisend.is árið 2011	
	FIÖLDI OPNANA
1. MANNAUÐSMÁL RÍKISINS – 2. STEFNA STJÓRNVALDA OG STAÐA MANNAUÐSMÁLA (2011)	948
2. <i>SKIPULAG OG ÚRRÆÐI Í FANGELSISMÁLUM (2010)</i>	869
3. <i>LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA. LÁNSHÆFI NÁMS OG ÞRÓUN ÚTLÁNA (2011)</i>	728
4. <i>INNKAUP LÖGGÆSLUSTOFNANA (2011)</i>	581
5. <i>SÍÐAREGLUR Í OPINBERRI STJÓRNÝSLU (2003)</i>	564
6. <i>FRIJÁLS OG OPINN HUGBÚNAÐUR. LEIÐBEININGARRIT (2010)</i>	529
7. <i>SORPBRENNSLUR MEÐ UNÐANÞÁGU FRÁ TILSKIPUN ESB (2011)</i>	498
8. <i>STJÓRNÝSLUENDURSKOÐUN Á HÚSNÆÐISSTOFNUN RÍKISINS (1996)</i>	480
9. <i>GREIÐSLUR RÁÐUNEYTA TIL STARFSMANNA FÉLAGSVÍSINDASVIÐS HÁSKÓLA ÍSLANDS (2011)</i>	475
10. <i>EINKAVÆÐING HELSTU RÍKISFYRIRTÆKJA (2003)</i>	445

ALÞJÓÐLEG SAMSKIPTI

Til að stuðla að því að starfsemi Ríkisendurskoðunar þróist í takt við alþjóðlega strauma og stefnur leggur stofnunin áherslu á að eiga góð samskipti og samstarf við erlendar systurstofnanir. Stofnunin hefur um árabíl tekið þátt í samstarfi norræna ríkisendurskoðana sem og starfi Evrópu- og Alþjóðasamtaka á þessu sviði, EUROSAI og INTOSAI. Þá tekur Ríkisendurskoðun þátt í að endurskoða fjölþjóðlegar stofnanir og samtök sem Ísland á aðild að, m.a. EFTA. Enn fremur hafa starfsmenn stofnunarinnar tekið virkan þátt í vinnu sem tengist viðræðum um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Fulltrúi Ríkisendurskoðunar á sæti í samningahópi um fjárhagsmálefni sem starfar á vegum aðalsamninganefndar Íslands. Loks má nefna að starfsmenn stofnunarinnar hafa tekið þátt umbóta- og þróunarverkefnum á sviði ríkisfjármála sem stjórnvöld hér á landi hafa unnið að í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (*International Monetary Fund – IMF*).

Starfsmenn Ríkisendurskoðunar sóttu samtals 15 fundi og ráðstefnur erlendis árið 2011. Flestir fundanna tengdust þátttöku stofnunarinnar í Endurskoðendanefnd EFTA (*EFTA Board of Auditors – EBOA*) en sviðsstjóri endurskoðunarsviðs, Ingi K. Magnússon, á sæti í henni. Aðrir fundir og ráðstefnurnar tengdust norrænu samstarfi, þátttöku

stofnunarinnar í starfi EUOSAI og samningaviðræðum vegna umsóknar um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Nokkuð er um það að fulltrúar erlendra systurstofnana, alþjóðastofnana eða stjórnvalda erlendra ríkja sækja Ríkisendurskoðun heim og fræðist um starfsemina. Í janúar kom 14 manna hópur starfsmanna sænsku ríkisendurskoðunarinnar (*Riksrevisionen*) í heimsókn og fékk kynningu verkefnum og vinnubrögðum stofnunarinnar. Í maí sótti svo borgarendurskoðandi Shanghai-borgar í Kína stofnunina heim ásamt föruneysi og fræddist um starfsemina. Á eftirfarandi mynd má sjá borgarendurskoðandann, Fr. Song Yijia (fyrst frá hægri), ásamt tveimur úr fylgdarliði hennar.

**HEIMSÓKN
BORGARENDUR-
SKOÐANDA
SHANGHAI**



Árið 2005 var þáverandi ríkisendurskoðandi, Sigurður Þórðarson, kjörinn í stjórn EUOSAI til 6 ára. Núverandi ríkisendurskoðandi, Sveinn Arason, tók sæti Sigurðar í stjórninni þegar hann lét af embætti árið 2008. Kjörtímabili Sveins lauk á síðasta ári og vék hann formlega úr stjórn samtakanna á þingi samtakanna sem haldið var í Lissabon í júní (sjá umfjöllun í ramma). Samtals sótti Sveinn þrjá stjórnarfundir samtakanna á árunum 2008–2011.

**RÍKISENDURSKOÐ-
ANDI HÆTTI Í STJÓRN
EUOSAI**

ÞING EVRÓPUSAMTAKA RÍKISENDURSKOÐANA (EUROSAI) Í LISSABON

Ríkisendurskoðandi og tveir starfsmenn stofnunarinnar sátu VIII. þing Evrópusamtaka ríkisendurskoðana (EUROSAI) í júní 2011. Þingið var að þessu sinni haldið í Lissabon, höfðuborg Portúgals og voru þátttakendur alls um 200.

Í meginályktun þingsins voru stjórnvöld, fjölmiðlar og almenn-ingur í löndum álfunnar hvött til að standa vörð um sjálfstæði ríkisendurskoðana svo þær gætu sinnt hlutverki sínu sem skyldi.

Fyrir utan ýmis innri málefni samtakanna snerust umræður á þinginu einkum um þrjú efni: kröfur sem gerðar eru til stjórnenda hjá hinu opinbera, hlutverk ríkisendurskoðana við að tryggja ábyrgð í stjórnsýslunni og endurskoðun á sjálfstæðum eftirlitsstofnunum sem starfa á vegum framkvæmdarvaldsins.

Ríkisendurskoðun var ein af 12 aðildarstofnunum sem boðið var að flytja framsöguerindi á þinginu. Sveinn Arason ríkisendur-



skoðandi fjallaði um breytingar á lagaumhverfi og starfsháttum Fjármálaeftirlitsins (FME) í kjölfar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og skýrslu sem Kaarlo Jännäri, fyrrverandi yfirmaður fjáramálaeftirlits Finnlands, vann fyrir íslensk stjórnvöld. Að erindi sínu loknu svaraði Sveinn spurningum í pallborði og tók þátt í almennum umræðum.

Auk ályktunar um sjálfstæði ríkisendurskoðana samþykkti

þingið ýmsar aðrar ályktanir sem varða eftirlit með ólíkum þáttum opinberrar stjórnsýslu og rekstrar. Þá samþykkti þingið stefnu samtakanna fyrir tímabilið 2011–17 þar sem hlutverk þeirra, framtíðarsýn, gildi, markmið og árangurskvarðar eru skilgreind.

Á myndinni má sjá Svein Arason ríkisendurskoðanda (lengst til hægri) í pallborðsumræðum á þinginu.

FYRIRHUGAÐAR BREYTINGAR Á LÖGUM UM FJÁRREIÐUR RÍKISINS

EFTIR JÓN LOFT BJÖRNSSON, SKRIFSTOFUSTJÓRA HJÁ RÍKISENDURSKOÐUN



Núgildandi lög um fjárreiður ríkisins, sem sett voru árið 1997, fólu í sér margháttaðar umbætur á fjársýslu og reikningsskilum ríkisins. Þau mörkuðu t.a.m. skýrari umgjörð um ríkisreksturinn en áður hafði gilt og var einnig ætlað að tryggja að skuldbindingar, bæði í fjárlögum og ríkisreikningi, væru sýndar þegar til þeirra væri stofnað (rekstrargrunnur) en ekki aðeins þegar þær kæmu til greiðslu (greiðslugrunnur). Á grundvelli þessa voru t.a.m. færðar í ríkisreikning og í fjárlög verulegar skuldbindingar vegna lífeyrissjóða opinberra starfsmanna. Einnig skilgreindu lögini betur en áður hverjir teldust vera ríkisaðilar og hvernig fara ætti með reikningsskil þeirra.

Frá því að fjárreiðulögin voru sett hafa reikningsskilareglur þróast mikið, bæði erlendis og hér á landi. Í stað þess að hvert land innleiði sína eigin reikningsskilastaðla hafa verið þróaðir samræmdir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar. Þeir hafa nú verið innleiddir hérlendis hvað varðar reikningsskil fyrirtækja á einkamarkaði. Ríkið hefur hins vegar að nokkru leyti setið eftir hvað þessi mál varðar. Nefna má að þrátt fyrir að verðbólgu-reikningsskil hafi verið lögð af sem reikningsskilavenja hér á landi er þeim ennþá beitt að hluta við gerð reikningsskila hjá aðilum í A-hluta ríkisreiknings. Ýmis

**UMBÆTUR MEÐ
FJÁRREIÐULÖGUNUM
ÁRIÐ 1997**

**RÍKIÐ HEFUR EKKI
FYLGT ÞRÓUNINI**

álitamál hafa einnig vaknað við gerð reikningsskila ríkisins um hvernig gera eigi grein fyrir samningum af ýmsu tagi sem hafa rutt sér til rúms á undanförunum árum, t.d. um svokallaðar einkaframkvæmdir.

ÝMSIR VEIKLEIKAR Í FJÁRLAGAGERÐINNI

Bæði fjárlagagerð og reikningshald ríkisins þurfa að ná með fullnægjandi hætti til fjárskuldbindinga til langs tíma. Taka þarf afstöðu til þess hvernig rétt sé að leita heimilda vegna slíkra samninga og hvernig sýna eigi skuldbindingar vegna þeirra í reikningsskilum ríkisins. Þá liggur fyrir að ýmsir veikleikar hafa verið í fjárlagagerðinni, t.a.m. skortur á skýrri stefnumótun til lengri tíma og aga við útgjaldastýringu.

Lengi hefur því verið rætt um nauðsyn þess að gera breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins án þess þó að í slíka vinnu hafi verið ráðist fyrr en nú. Vegna efnahagsörðugleika undanfarinna ára og þeirrar þröngu stöðu sem ríkisfjármálin eru í var ákveðið að hefja vinnu við endurskoðun laganna og fer hún m.a. fram á grundvelli tillagana Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Gera má ráð fyrir því að við endurskoðun laganna verði m.a. leyst úr fyrrgreindum álitamálum.

STÝRINEFND FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Fjármálaráðherra skipaði í lok nóvember 2011 sérstakan stýrihóp undir forystu Guðmundar Árnasonar, ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, til að halda utan um vinnu við endurskoðun fjárreiðulaganna. Ríkisendurskoðandi á sæti í nefndinni en undir henni starfa fjórir vinnuhópar og á stofnunin fulltrúa í þremur þeirra.

VEIKLEIKAR NÚGILDANDI LAGA

Samkvæmt úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru helstu veikleikar núverandi löggjafar þeir að hún tekur aðeins til fjármála ríkisins, en samhæfingu skortir milli fjármála ríkis og sveitarfélaga. Lögin taka heldur ekki til þess hvernig móta skuli stefnu um fjármál hins opinbera og hver skuli vera grunngildi slíkrar stefnu, s.s. sjálfbærni og stöðugleiki. Bent er á að fjárlagaliðir séu tiltölulega margir miðað við umfang ríkisrekstrarins sem torveldi heildarsýn. Þá setji núverandi lög ekki nægar skorður við að stofnað sé til útgjalda umfram heimildir, m.a. þar sem þau heimili í reynd flutning umframgjalda milli ára. Að því er reikningsskilin varðar þá er bent á að í gildi séu sérreglur sem ástæða sé til þess að afnema, s.s. um að ekki skuli sýna varanlega rekstrarfjármuni í reikningsskilum. Einnig er bent á að samhæfa þurfi betur tímamörk fjárlaga og reikningsskila og flýta útgáfu ríkisreiknings.

Helsta markmið væntanlegra laga um opinber fjármál er að bæta úr ýmsum ágöllum og vöntunum sem eru í núverandi löggjöf, festa í sessi þær umbætur sem teknar hafa verið upp undanfarin ár, tryggja að fjármál opinberra aðila geti verið sjálfbær til framtíðar og að innleiða þær aðferðir sem best hafa gefist annars staðar við stjórnun opinberra fjármála.

NÝMÆLI VÆNTANLEGRA LAGA UM OPINBER FJÁRMÁL

Helsta nýmæli væntanlegra laga um opinber fjármál felst í því að lögin munu ekki einungis ná til ríkisins heldur einnig til sveitarfélaga. Annað nýmæli felst í því að lögin munu taka til alls fjárlagaferlisins, þ.e. stefnumörkunar, setningar fjárlaga, framkvæmdar þeirra, reikningshalds og endurskoðunar. Þá er gert ráð fyrir að lögin

SAMHÆFINGU SKORTIR MILLI FJÁRMÁLA RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA

skilgreini megingildi fjármálastefnu hins opinbera og kveði á um að eftir kosningar skuli ný ríkisstjórn gefa út ríkisfjármálastefnu. Enn fremur er stefnt að því að lögð verði fram ríkisfjármálaáætlun til meðallangs tíma, þ.e. til 3–5 ára, og að fram fari óháð mat á því hvernig gangi að framfylgja henni.

Við fjárlagagerð verður lögð áhersla á málaflokka í stað stofnana, m.a. með því að fækka fjárlagaliðum. Hugmyndin er sú að fyrst verði heildarútgjaldarammi og tekjuöflun rædd og ákveðin, áður en farið verði að ræða um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta og málaflokka. Settar verði stífari reglur um flutning fjárveitinga á milli fjárlagaliða og jafnvel er rætt um að svigrúm til breytinga á fjárlagafrumvarpi eftir að það hefur verið lagt fram verði takmarkað með sérstökum reglum.

Að því er varðar fjárstýringu og framkvæmd fjárlaga kemur til álita að takmarka mjög mörkun tekna til einstakra stofnana og verkefna og jafnvel einnig ráðstöfun stofnana á sértekjum. Einnig er rætt um að setja frekari hömlur en nú eru á flutning umframútgjalda milli ára eða loka þeim möguleika alfarið. Einnig er gert ráð fyrir frekari hömlum en nú eru á flutningi ónýtttra fjárveitinga milli ára. Rætt er um að ávallt þurfi að afla heimilda í fjárukalögum áður en stofnað yrði til útgjalda en ekki eftir á eins og nú er oft raunin. Þannig myndi gerð nýrra kjarasamninga ekki lengur sjálfkrafa heimila aukin útgjöld. Þá er gert ráð fyrir að hægt verði að beita fleiri úrræðum til að taka á málum ef brotið er gegn lögnum og að Alþingi fái skilgreint hlutverk við að fylgjast með framkvæmd fjárlaga.

Eitt helsta nýmæli laganna að því er varðar reikningsskil mun felast í því að gert verður samstæðuuppgjör fyrir ríki, sveitarfélög og opinber fyrirtæki. Þetta þýðir að gert verður sameinað heildaruppgjör fyrir ríkissjóð, sveitarsjóði og stofnanir og fyrirtæki í eigu þessara aðila. Ársreikningur hvers aðila um sig verður þó áfram tekinn saman og birtur. Gert er ráð fyrir að fallið verði frá þeim sérákvæðum sem gilt hafa um reikningsskil hins opinbera. Það þýðir að efnahagsreikningur mun sýna allar eignir og skuldir, m.a. varanlega rekstrarfjármuni og skuldbindingar vegna einkaframkvæmda og fallið verður frá verðbólgu-reikningsskilum. Stefnt er að því að hraða útgáfu ríkisreiknings þannig að endurskoðaður reikningur komi út í apríl ár hvert í stað júlí. Enn fremur er gert er ráð fyrir að reikningsskil og skýrslugjöf um ríkisfjármál muni fylgja alþjóðlegum stöðlum.

Gert er ráð fyrir að frumvarp til laga um opinber fjármál verði lagt fram til kynningar nú í vor og síðan lagt fram á Alþingi næstkomandi haust. Verði lögin samþykkt fyrir áramót er hyggilegt að gera ráð fyrir í það minnsta eins árs aðlögunartíma þannig að ný skipan mála taki því gildi við gerð fjárlaga og ríkisreiknings fyrir árið 2014.

FJÁRLAGALIÐUM VERÐUR FÆKKAÐ

MÖRKUN TEKNA VERÐUR TAKMÖRKUÐ

SAMSTÆÐUUPPGJÖR GERT FYRIR OPINBERA AÐILA

ÍMYND RÍKISENDURSKOÐUNAR Í HUGUM ALMENNINGS

EFTIR ÓLA JÓN JÓNSSON, UPPLÝSINGA- OG ALÞJÓÐAFULLTRÚA RÍKISENDURSKOÐUNAR



JÁKVÆÐ ÍMYND ER TALIN STUÐLA AÐ ÁRANGRI

Segja má að ímynd sé summa þekkingar, reynslu og upplifana einstaklings af tilteknu fyrirbæri, eins konar heildarmat hans á því. Fyrirtæki og stofnanir leitast við að byggja upp og viðhalda traustri og jákvæðri ímynd í hugum almennings. Ástæðan er sú að slík ímynd er talin geta stuðlað að því að hlutaðeigandi skipulagsheild nái markmiðum sínum. Erfitt getur þó reynst að sýna fram á tengslin þarna á milli. Þróaðar hafa verið aðferðir til að kortleggja og mæla ímynd meðal almennings. Þetta er yfirleitt gert með því að leggja viðhorfskönnun, svokallaða ímyndarkönnun, fyrir handahófsúrtak úr þjóðskrá. Litið er svo á að ímynd hafi mismunandi víddir eða þætti. Fjöldi spurninga í ímyndarkönnun ræðst af því hversu nákvæmlega á að kortleggja ímyndina. Oftast er m.a. spurt um hvort svarendur beri traust til viðkomandi skipulagsheildar og hvað svarendum detti fyrst í hug þegar þeir heyri nafn hennar. Ef ætlunin er að kortleggja ímyndina nákvæmlega er að auki reynt að fá fram hugmyndir svarenda um ýmis einkenni eða eiginleika skipulagsheildarinnar.

Eins og aðrar opinberar stofnanir vill Ríkisendurskoðun hafa jákvæða og trausta ímynd í hugum almennings. Stofnunin leitast við að ná þessu markmiði með því að fara að lögum, fylgja viðurkenndum stöðlum sem um starfsemina gilda og ástunda fagleg

vinnubrögð í hvívetna. En þetta er ekki nóg. Til að byggja upp jákvæða og trausta ímynd þarf að miðla upplýsingum um starfsemina, afrakstur hennar og árangur út í samfélagið. Ytri upplýsingamiðlun Ríkisendurskoðunar byggir á upplýsingastefnu stofnunarinnar sem mótuð var árið 2008 með hliðsjón af samsvarandi stefnum norrænna systurstofnana og er í samræmi við staðal Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) um gagnsæi (ISSAI 20). Samkvæmt henni er öflug og vönduð ytri upplýsingamiðlun ein forsenda þess að stofnunin geti rækt hlutverk sitt og náð árangri. Einnig segir þar að stofnunin hafi frumkvæði að því að miðla upplýsingum um hlutverk sitt og störf.

KANNANIR CAPACENT GALLUP

Ríkisendurskoðun mælir ímynd sína meðal almennings með reglulegu millibili. Þetta var fyrst gert árið 2008 en þá fól stofnunin fyrirtækinu Capacent Gallup að leggja nokkrar spurningar fyrir rúmlega 1.300 manna handahófsúrtak úr þjóðskrá. M.a. var spurt hvort Ríkisendurskoðun væri traust eða ótraust stofnun, framsækin eða íhaldssöm og hvort hún veitti stjórnvöldum mikið eða lítið aðhald í ríkisrekstri. Svarhlutfall var rúmlega 60%. Í ljós kom að um 66% svarenda töldu að stofnunin væri frekar eða mjög traust en 15% að hún væri frekar eða mjög ótraust. Um 80% töldu að Ríkisendurskoðun væri frekar eða mjög íhaldssöm en 11% að hún væri frekar eða mjög framsækin. Þá töldu 36% að stofnunin veitti stjórnvöldum mikið aðhald í ríkisrekstri en 48% að hún veitti þeim lítið aðhald.

KÖNNUNIN 2008

Útkoman var ekki að öllu leyti í samræmi við væntingar stofnunarinnar. Því var í upphafi árs 2009 ákveðið að efla upplýsingamiðlun til almennings um starfsemina. Mótuð var þriggja ára áætlun þar sem skilgreind voru mælanleg markmið um árangur og tilgreindar leiðir að þeim. Stefnt var að því að auka traust almennings á stofnuninni og breyta ímynd hennar í hugum almennings þannig að hlutfallslega fleiri teldu hana framsækna og veita stjórnvöldum mikið aðhald en samkvæmt fyrrnefndri könnun. Útgáfa og upplýsingamiðlun Ríkisendurskoðunar jukust verulega á árunum 2009–11. Í því sambandi vógu áherslubreytingar í stjórnsýsluendurskoðun þungt (sjá bls. 27). Þetta skilaði sér m.a. í því að greinum í dagblöðum og ljósvakamiðlum þar sem stofnunin var nefnd fjölgaði úr samtals 237 árið 2008 í 488 árið 2011 eða meira en 100%.


UMFJÖLLUN FJÖL- MIÐLA TVÖFALDAÐIST Á ÞREMUR ÁRUM

Í ágúst 2011 var ákveðið að mæla á nýjan leik ímynd Ríkisendurskoðunar meðal almennings. Capacent Gallup tók um 1.400 manna handahófsúrtak úr þjóðskrá og spurði um traust á Ríkisendurskoðun, hvort stofnunin væri framsækin eða íhaldssöm og hvort hún veitti stjórnvöldum mikið eða lítið aðhald. Svarhlutfallið var um 60%. Þvert á þau markmið sem sett höfðu verið kom í ljós að traust almennings til stofnunarinnar hafði dvínað umtalsvert frá árinu 2008. Einungis um 43% svarenda sögðust telja stofnunina frekar eða mjög trausta á móti 66% árið 2008. Þá töldu aðeins um 9% hana frekar eða mjög framsækna á móti rúmlega 12% árið 2008. Á hinn bóginn sögðust nú hlutfallslega færri telja stofnunina frekar eða mjög íhaldssama eða 57% á móti 80%. Einungis 20% töldu að stofnunin veitti stjórnvöldum frekar eða mjög mikið aðhald í ríkisrekstri á móti 36% árið 2008. Í ljós kom að þeir sem töldu stofnunina framsækna voru líklegri til að bera traust til hennar en aðrir svarendur. Það var m.ö.o.

KÖNNUNIN 2011



fylgni milli þess að telja Ríkisendurskoðun framsækna stofnun og bera traust til hennar.



**EINUNGIS 7%
SÖGÐUST ÞEKKJA
STARFSEMINA VEL**

Í sérstakri könnun haustið 2011, sem tók til 1.400 manna handahófsúrtaks úr þjóðskrá, var fólk spurt hvort það hefði mikla eða litla þekkingu á starfsemi Ríkisendurskoðunar. Svarhlutfallið var sem fyrr um 60%. Einungis 7% svarenda sögðust hafa mikla þekkingu á starfseminni en 56% sögðust þekkja illa eða alls ekkert til hennar. Athygli vakti að þeir sem sögðust þekkja vel til starfseminnar sögðust jafnframt bera traust til stofnunarinnar. Það reyndist m.ö.o. vera fylgni milli þess að þekkja vel til starfsemi Ríkisendurskoðunar og bera traust til hennar.

HVAÐ ER TIL RÁÐA?

Því er ekki að neita að niðurstöður kannana Capacent Gallup haustið 2011 ollu Ríkisendurskoðun vonbrigðum. Hins vegar komu þær ekki alveg á óvart. Aðstæður í samfélaginu hafa sem kunnugt er gjörbreyst frá árinu 2008. Í kjölfar bankahrunsins hefur traust almennings á opinberum stofnunum nær undantekningarlaust dvínað. Einna mest hefur traustið minnkað á eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði og Alþingi en traust á öðrum stofnunum hefur einnig dalað, hvort sem það er verðskuldað eður ei. Miðað við hvað Ríkisendurskoðun hefur verið mikið í fréttum að undanfögnu kom nokkuð á óvart hve lítið fólk virðist þekkja til starfsemi hennar. Vera má að margir hafi lesið eða heyrt í fjölmiðlum um skýrslur stofnunarinnar en telji sig engu að síður lítið vita um starfsemina.

Í ljósi niðurstaðna umræddra kannana hefur Ríkisendurskoðun ákveðið að bæta upplýsingamiðlun sína til almennings um stöðu og hlutverk stofnunarinnar. Þó verður miðlunin að mestu leyti áfram með svipuðu sniði og hingað til og ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna hennar. Mótuð hefur verið áætlun til þriggja ára þar sem fram kemur hvaða árangri stofnunin vill ná hvað varðar ímynd hennar í hugum almennings og hvaða aðferðum verður beitt. Vonir standa til þess að takast megi að endurheimta það traust sem tapast hefur frá árinu 2008. Ekki er þó víst að það takist og árangurinn kann að stórum hluta að ráðast af því hvernig aðstæður í samfélaginu þróast, sbr. það sem áður segir um áhrif bankahrunsins á traust til opinberra stofnana almennt. Ímynd Ríkisendurskoðunar verður aftur mæld árið 2014 og þá mun væntanlega koma í ljós hvernig til hefur tekist og hvort aðstæður í samfélaginu hafi verið stofnuninni hagstæðari en undanfarin ár.

**EKKI GERT RÁÐ FYRIR
AUKNUM KOSTNAÐI
VEGNA UPPLÝSINGA-
MIÐLUNAR**

STARFSFÓLK 31. DESEMBER 2011

[Sveinn Arason](#) - ríkisendurskoðandi

SKRIFSTOFA RÍKISENDURSKOÐANDA

[Jón L. Björnsson](#) - skrifstofustjóri, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

[Pétur Vilhjálmsson](#) - sérfræðingur, stjórnsýslufræðingur / MPA, BA

[Brynja Baldursdóttir](#) - ritari

ENDURSKOÐUNARSVIÐ

[Ingi K. Magnússon](#) - sviðsstjóri, viðskiptafræðingur / cand.oecon., CIA, CGAP

[Albert Ólafsson](#) - skrifstofustjóri, viðskiptafræðingur / cand.oecon., CISA, CIA

[Óskar Sverrisson](#) - deildarstjóri, endurskoðandi

[Sigurgeir Bóasson](#) - deildarstjóri, endurskoðandi

[Þorbjörg Guðnadóttir](#) - deildarstjóri, viðskiptafræðingur / M.Acc., cand.oecon.

[Auður Guðjónsdóttir](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

[Álfheiður Dögg Gunnarsdóttir](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

[Bjarkey Rut Gunnlaugsdóttir](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / MSc., BS

[Brynja Pétursdóttir](#) - sérfræðingur, endurskoðandi

[Einar Þorgilsson](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

[Geir Gunnlaugsson](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

[Grétar Bjarni Guðjónsson](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / M.Acc., MBA, BBA

[Helgi Guðmundsson](#) - sérfræðingur, hagfræðingur / cand.oecon.

[Hólmfríður S. Jónsdóttir](#) - sérfræðingur, tölvunarfræðingur / BS

[Karlotta Aðalsteinsdóttir](#) - sérfræðingur, endurskoðandi

[Kristín Þorbjörg Jónsdóttir](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / M.Acc., cand.oecon.

[María Bjargmundsdóttir](#) - ritari

[Svafa Þ. Hinriksdóttir](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / BS

[Sveinbjörn Óskarsson](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

[Sveinbjörn Sigurðsson](#) - sérfræðingur, kerfisfræðingur / datanom

[Telma Herbertsdóttir](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

[Thelma Hillers](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / BS

[Viðar H. Jónsson](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

STJÓRNSÝSLUSVIÐ

[Kristín Kalmansdóttir](#) - sviðsstjóri, viðskiptafræðingur / MBA, cand.oecon., CIA

[Guðmundur Björnsson](#) - deildarstjóri, lögfræðingur / cand.juris.

[Þórir Óskarsson](#) - deildarstjóri, íslenskufræðingur / cand.mag., BA

[Guðbrandur R. Leósson](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.

[Hrafnhildur Óskarsdóttir](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.
[Hilmar Þórisson](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / cand.oecon.
[Ingunn Ólafsdóttir](#) - sérfræðingur, stjórnsýslufræðingur / EMPA, MA, BA
[Kristinn H. Jónsson](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / MBA, BS
[Margrét E. Arnórsdóttir](#) - sérfræðingur, viðskiptafræðingur / civil ekonom
[Sandra Franks](#) - sérfræðingur, stjórn málafræðingur / BA, ML í lögfræði

REKSTRAR- OG TÖLVUSTOÐ

[Eyþór Borgþórsson](#) - rekstrarstjóri
[Ásdís Hauksdóttir](#) - fulltrúi
[Sigurður Þorvaldsson](#) - matráðsmaður, sendill
[Steinunn Gísladóttir](#) – matráðskona
Unnar Freyr Hlynsson – umsjónamaður tölvumála, tölvunarfræðingur / BS

LÖGFRÆÐI- OG SKJALASTOÐ

[Lárus Ögmundsson](#) - yfirlögfræðingur / cand.juris.
[Arna M. Eggertsdóttir](#) – skjalastjóri, bókasafns- og upplýsingafræðingur / BA
[Elín Ingadóttir](#) - skjalavörður
[Linda Sigurðardóttir](#) - fulltrúi

UPPLÝSINGA- OG ALÞJÓÐASTOÐ

[Óli Jón Jónsson](#) – upplýsinga- og alþjóðafulltrúi, stjórn málafr. / MEA, BA í sagnfræði

OPINBER RIT ÁRIÐ 2011

- [Ábending frá Ríkisendurskoðun. Framkvæmd og utanumhald rammasamninga](#)
- [Ábending frá Ríkisendurskoðun. Innkaup löggæslustofnana](#)
- [Ábending frá Ríkisendurskoðun. Skuldbindandi rekstrar- og þjónustusamningar ríkisins](#)
- [Ábending frá Ríkisendurskoðun. Úthlutun styrkja úr Rannsóknasjóði](#)
- [Ábending frá Ríkisendurskoðun: Ítrekun. Endurskoða þarf löggjöf um verkefni Umhverfisstofnunar](#)
- [Ársskýrsla Ríkisendurskoðunar 2010](#)
- [Beiðgreiðslur vegna sauðfjárræktar](#)
- [Biskupsstofa, sóknir og sjóðir kirkjunnar](#)
- [Endurskoðun ríkisreiknings 2010](#)
- [Greiðslur ráðuneyta til starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands](#)
- [Hólaskóli – Háskólinn á Hólum](#)
- [Innheimta opinberra gjalda](#)
- [Lánasjóður íslenskra námsmanna. Lánshæfi náms og þróun útlána](#)
- [Leiðbeiningar um innra eftirlit stofnana í A-hluta](#)
- [Mannauðsmál ríkisins – 1. Starfslok ríkisstarfsmanna. Skýrsla til Alþingis](#)
- [Mannauðsmál ríkisins – 2. Stefna stjórnvalda og staða mannaúðsmála](#)
- [Sameining í ríkisrekstri – 4. Innanríkisráðuneyti. Skýrsla til Alþingis](#)
- [Sameining í ríkisrekstri – 5. Velferðarráðuneyti. Skýrsla til Alþingis](#)
- [Sameining í ríkisrekstri – 6. Embætti landlæknis](#)
- [Sjúkrahúsið á Akureyri](#)
- [Skuldbindandi samningar – 1. Iðnaðarráðuneyti](#)
- [Skuldbindandi samningar – 2. Velferðarráðuneyti](#)
- [Skýrsla um eftirfylgni: Samgönguframkvæmdir \(2008\)](#)
- [Skýrsla um eftirfylgni: Stjórnarráðið](#)
- [Skýrsla um eftirfylgni: Vinnumálastofnun \(2008\)](#)
- [Skýrsla um eftirfylgni: Þjóðleikhúsið \(2008\)](#)
- [Sorpbrennslur með undanþágu frá tilskipun ESB](#)
- [Stjórnun og rekstur Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands. Skýrsla til Alþingis](#)
- [Útvistun opinberra verkefna til Bændasamtaka Íslands](#)
- [Viðskipti heilbrigðisyfirvalda við Heimilislæknastöðina ehf.](#)
- [Þjónustusamningar Barnaverndarstofu og lok þeirra. Skýrsla til Alþingis](#)
- [Þróun lyfjakostnaðar 2008–2010](#)

ÁRSREIKNINGUR 2011

SKÝRSLA STJÓRNENDA OG STAÐFESTING ÁRSREIKNINGS

Ríkisendurskoðun er stofnun Alþingis og starfar samkvæmt lögum nr. 86/1997. Meginhlutverk hennar er að annast endurskoðun hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum og öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Þá skal stofnunin annast endurskoðun hjá fyrirtækjum rekin eru á ábyrgð ríkisins og fyrirtækjum sem ríkissjóður á að hálfu eða meira. Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga og getur framkvæmt stjórnsluendurskoðun hjá þeim aðilum sem henni ber lögum samkvæmt að endurskoða.

Á árinu 2011 varð 33,9 m.kr. tekjuhalli af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi eignir stofnunarinnar 47,1 m.kr., skuldir 11,0 m.kr. og eigið fé nam 36,1 m.kr. í árslok 2011.

Ríkisendurskoðandi og rekstrarstjóri staðfesta ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2011 undirritun sinni.

Reykjavík, 28. febrúar 2012.



Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi



Eyþór Borgþórsson
rekstrarstjóri

ÁRITUN ENDURSKOÐANDA

Til forsætisnefndar Alþingis

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð mín felst í því álit sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber mér að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

Álit

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögg mynd af afkomu Ríkisendurskoðunar á árinu 2011, efnahag hennar 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Reykjavík, 28. febrúar 2012.



Gunnar Sigurðsson
endurskoðandi

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2011

	Skýr.	2011	2010
Tekjur			
Seld þjónusta		41.650.971	67.206.437
Aðrar tekjur		630	3.881
	1	<u>41.651.601</u>	<u>67.210.318</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	366.978.442	349.014.391
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	9.269.648	10.935.183
Funda- og ferðakostnaður	4	10.012.709	8.291.913
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	5	59.724.265	69.590.882
Rekstur tækja og áhalda	6	1.445.817	1.913.986
Annar rekstrarkostnaður	7	4.889.424	5.379.711
Húsnæðiskostnaður	8	24.932.854	25.654.008
Bifreiðarekstur	9	566.126	637.766
Tilfærslur	10	1.475.000	611.225
		479.294.285	472.029.065
Eignakaup	11	2.013.781	3.187.132
		<u>481.308.066</u>	<u>475.216.197</u>
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag		(439.656.465)	(408.005.879)
Ríkisframlag		<u>405.800.000</u>	<u>424.800.000</u>
Tekjuafgangur ársins		<u>(33.856.465)</u>	<u>16.794.121</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2011

	Skýr.	2011	2010
Eignir			
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	12	34.692.049	67.414.835
Viðskiptakröfur		12.244.387	9.104.779
Handbært fé		159.569	268.174
		<u>47.096.005</u>	<u>76.787.788</u>
Eignir alls		<u>47.096.005</u>	<u>76.787.788</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
<i>Höfuðstóll:</i>			
Höfuðstóll í ársbyrjun		69.925.177	53.131.056
Tekjuafgangur ársins		(33.856.465)	16.794.121
Höfuðstóll	13	<u>36.068.712</u>	<u>69.925.177</u>
Eigið fé		<u>36.068.712</u>	<u>69.925.177</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		11.027.293	6.862.611
Skuldir		<u>11.027.293</u>	<u>6.862.611</u>
Eigið fé og skuldir		<u>47.096.005</u>	<u>76.787.788</u>

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2011

	Skýr.	2011	2010
Rekstrarhreyfingar			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur.....	(33.856.465)	16.794.121
	(33.856.465)	16.794.121
Veltufé frá rekstri			
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun).....	(3.139.608)	39.032.493
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun.....		4.164.682	(36.258.366)
		1.025.074	2.774.127
Handbært fé frá rekstri	(32.831.391)	19.568.248
Fjármögnunarhreyfingar			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	(405.800.000)	(424.800.000)
Greitt úr ríkissjóði.....		438.522.786	405.409.162
		32.722.786	(19.390.838)
Fjármögnunarhreyfingar			
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	(108.605)	177.410
Handbært fé í ársbyrjun.....		268.174	90.764
Handbært fé í lok ársins		159.569	268.174

SKÝRINGAR

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Ríkisendurskoðunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki eru almennt undanþegin álagningu tekjuskatta.

Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð í þeim mánuði sem stofnað er til útgjalda.

Starfspáttagreining

Í skýringum er rekstri stofnunarinnar skipt eftir verkefnum sem falla að skipulagi hennar.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Handbært fé

Stofnunin heldur engan sjóð en á innstæðu á bankareikningi.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

SKÝRINGAR

Bókhald og fjárvarsla

Fjársýslu ríkisins hefur verið falið að annast launavinnslu, bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina.

Fjárheimildir og rekstur

Fjárlög fyrir árið 2011 gerðu sem fyrr ráð fyrir samdrætti fjárveitinga frá árinu á undan. Fjárveitingar á fjárlögum til Ríkisendurskoðunar námu samtals 392,9 m.kr. Fjárveitingin var hækkuð í kjölfar kjarasamninga á árinu 2011 um 12,9 m.kr. Fjárheimild ársins nam því 405,8 m.kr.

Rekstrargjöld, að frádrögnum sértekjum, námu samtals 439,7 m.kr. og urðu því 33,9 m.kr. umfram fjárheimildir ársins. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur	(34.100)	(34.100)	(41.652)	7.552
Laun og launatengd gjöld	331.500	344.400	366.978	(22.578)
Önnur rekstrargjöld	94.600	94.600	112.316	(17.716)
	392.000	404.900	437.643	(32.743)
Stofnkostnaður	900	900	2.014	(1.114)
	392.900	405.800	439.656	(33.856)

Sundurliðun eftir viðfangsefnum í þús. kr.:

	2011	2010
Sértekjur	(41.652)	(67.210)
101 Ríkisendurskoðun	479.294	472.029
601 Stofnkostnaður	2.014	3.187
	439.656	408.006

Starfspáttagreining

Rekstrarreikningur sundurliðaður eftir viðfangsefnum sem byggja á tímaskráningarkerfi stofnunarinnar.

Fjárhagsendurskoðun	189.052	187.684
Stjórnsýsluendurskoðun	105.518	97.921
Úttektir á upplýsingakerfum	8.793	16.320
Önnur eftirlitsverkefni	39.569	28.560
Yfirstjórn, rekstur og stoðþjónusta	96.724	77.521
	439.656	408.006

SKÝRINGAR

Sundurliðanir

1. Sértekjur

Sértekjur stofnunarinnar felast að mestu í seldri endurskoðunarþjónustu til ríkisfyrirtækja. Lækkun á seldri þjónustu á árinu 2011 má rekja til þess að á árinu 2010 var endurkrafin vinna endurskoðunarfélaga við endurskoðun nýju ríkisbankanna vegna endurskoðunar ársins 2008.

	2011	2010
Seld sérfræðiþjónusta	41.650.971	67.206.437
Aðrar tekjur	630	3.881
	<u>41.651.601</u>	<u>67.210.318</u>

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld námu 367,0 m.kr. og hækkuðu milli ára um 18,0 m.kr. eða 5,1%. Í árslok 2011 voru starfsmenn Ríkisendurskoðunar 47 sem er sami fjöldi og á fyrra ári. Ársverk fastráðinna starfsmanna á árinu 2011 miðað við dagvinnu voru um 44,0 sem er fækkun um 0,9 frá fyrra ári. Á árinu 2011 tók gildi nýr kjarasamningur við starfsmannafélag Ríkisendurskoðunar um 4,9% hækkun á launum frá 1. maí. Frá og með október féll úr gildi launalækkun sem framkvæmd var í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar á árinu 2009 um lækkun launa. Áfallið orlof er ekki reiknað eða fært upp í ársreikninginn.

Dagvinna	264.208.927	257.174.537
Yfirvinna og einingalaun	29.681.908	22.404.109
Önnur laun og starfstengdar greiðslur	2.256.000	2.009.000
Launatengd gjöld	70.831.607	67.426.745
	<u>366.978.442</u>	<u>349.014.391</u>

3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Undir þennan lið fellur kostnaður sem tengdur er skrifstofuhaldi stofnunarinnar. Í heild nam kostnaðurinn 9,3 m.kr. og lækkaði frá fyrra ári um 1,7 m.kr. eða 15,2%. Afnotagjöld, einkum vegna hugbúnaðar, lækkuðu um 1,6 m.kr. eða 26,9%. Ástæðan er einkum sú að á árinu 2010 féll til kostnaður vegna uppfærslu Office-hugbúnaðar en ekki þurfti að gera slíka uppfærslu á síðasta ári. Þá lækkuðu gjöld vegna afnota af Descartes-endurskoðunarkerfinu og kostnaðar vegna skrifstofuvara. Á hinn bóginn hækkaði kostnaður vegna útgáfustarfsemi og ýmsir aðrir liðir.

Tímarit, blöð og bækur	666.182	568.464
Auglýsingar og kynningar	115.675	78.405
Símagjöld	1.964.905	1.991.286
Burðargjöld	260.371	185.389
Útgáfustarfsemi	665.218	237.361
Afnotagjöld	4.314.625	5.898.644
Skrifstofuvörur	1.112.354	1.585.369
Gjafir	170.318	390.265
	<u>9.269.648</u>	<u>10.935.183</u>

4. Funda- og ferðakostnaður

Á árinu 2011 nam kostnaðurinn 10,0 m.kr. og varð um 1,7 m.kr. hækkun á þessum kostnaðarlið eða 20,8%. Ástæðu þessa má að mestu rekja til 1,4 m.kr. hækkunar á kostnaði vegna utanlandsferða og 0,3 m.kr. hækkunar á innlendum ferðakostnaði. Þá lækkaði aksturskostnaður um 0,4 m.kr. Námskeiðs- og félagsgjöld hækkuðu um 1,0 m.kr. en aðrir kostnaðarliðir lækkuðu.

	2011	2010
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	492.454	164.430
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	5.069.882	3.694.046
Funda- og ráðstefnugjöld	31.970	7.410
Námskeiðsgjöld	2.347.827	1.302.990
Félagsgjöld	922.395	1.267.492
Risna	309.105	595.621
Akstur	839.076	1.259.924
	<u>10.012.709</u>	<u>8.291.913</u>

5. Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Í heild nam kostnaður við aðkeypta sérfræðiþjónustu 59,7 m.kr. og dróst hann saman um 9,9 m.kr. Ástæða þessa samdráttar er sú að Ríkisendurskoðun bar engan kostnað vegna endurskoðunar banka á síðasta ári en hann nam 17,2 m.kr. á árinu 2010. Um er að ræða endurskoðun bankanna þriggja sem ríkið stofnaði á grunni föllnu bankanna haustið 2008 en stofnuninni bar samkvæmt lögum að annast hana. Á árinu 2011 nam kostnaður við kaup á endurskoðunarþjónustu vegna A-hluta stofnana 52,4 m.kr. en var 48,5 m.kr. árið 2010. Í lok ársins voru í gildi samningar við 10 endurskoðunarstofur og greitt var fyrir endurskoðun hjá 37 A-hluta ríkisaðilum. Kostnaður vegna tölvu- og kerfisfræðiþjónustu jókst nokkuð, einkum sökum þess að kostnaður við uppfærslu og viðhald heimasíðu stofnunarinnar var meiri á síðasta ári en árið 2010.

Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	2.532.726	2.289.964
Önnur sérfræðiþjónusta	90.000	60.000
Endurskoðunarþjónusta	57.101.539	67.240.918
	<u>59.724.265</u>	<u>69.590.882</u>

6. Rekstur tækja og áhalda

Undir þennan lið fellur rekstur á ljósritunarvélum, tölvum og öðrum skrifstofubúnaði. Lækkun milli ára nam 0,5 m.kr. eða 24,5%.

Smátæki og áhöld	741.926	653.511
Viðgerðir og viðhald	607.492	846.674
Varahlutir og viðhaldsvörur	538	26.741
Leigugjöld tækja og áhalda	37.000	46.600
Uppsetning á netbúnaði	58.861	340.460
	<u>1.445.817</u>	<u>1.913.986</u>

SKÝRINGAR

7. Annar rekstrarkostnaður

Þessi liður tekur yfir ýmsan rekstrarkostnað og nam hann 4,9 m.kr. Kostnaðurinn dróst saman um 0,5 m.kr. eða 9,1%. Kostnaður við rekstur mótuneytis lækkaði milli ára eða um 0,2 m.kr. og 0,4 m.kr lækkun varð á kostnaði við tryggingar og opinber gjöld.

	2011	2010
Máltíðir	3.449.584	3.641.571
Rekstrarvörur	500.955	470.246
Ýmis þjónustugjöld	159.122	122.597
Opinber gjöld, tryggingar og vextir	779.763	1.145.297
	<u>4.889.424</u>	<u>5.379.711</u>

8. Húsnæðiskostnaður

Stofnunin er með aðsetur að Skúlagötu 57 og hefur allt húsið fyrir starfsemi sína. Húsnæðið er í eigu ríkissjóðs og greiðir stofnunin húsaleigu fyrir afnotin. Í heild nam kostnaðurinn 24,9 m.kr. og dróst saman um 0,7 m.kr. eða 2,8%. Samdrátturinn skýrist að mestu af lækkun leigugjalda.

Leigugjöld	18.361.728	19.668.380
Orka	1.757.235	1.323.920
Viðhald fasteigna	139.927	46.959
Þrif og sorphirða	3.973.778	3.852.784
Annar húsnæðiskostnaður	700.186	761.965
	<u>24.932.854</u>	<u>25.654.008</u>

9. Bifreiðakostnaður

Stofnunin á eina bifreið af gerðinni Land Cruiser árgerð 2006.

Bensín og olía	241.856	209.993
Opinber gjöld og tryggingar	112.640	142.873
Viðgerðir og viðhald	193.630	269.900
Rekstrarvörur og þjónusta	18.000	15.000
	<u>566.126</u>	<u>637.766</u>

10. Tilfærslur

Árlega greiðir stofnunin framlag til starfsmannafélags stofnunarinnar í samræmi við ákvæði kjarasamninga og samkomulags félagsins við stofnunina.

SKÝRINGAR

11. Eignakaup

Á árinu 2011 var haldið áfram með nauðsynlega endurnýjun á tölvubúnaði.

	2011	2010
Tölvubúnaður	1.489.680	2.388.631
Húsgögn	0	354.050
Önnur tæki, skrifstofubúnaður og listaverk	524.101	444.451
	<u>2.013.781</u>	<u>3.187.132</u>

Annað

12. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2011 nam inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði 34,7 m.kr. og hafði lækkað um 32,7 m.kr. á árinu.

Staða 1. janúar 2011	67.414.835
Ríkisframlag	405.800.000
Greiðslur	(473.503.729)
Millifærslur	34.980.943
Staða 31. desember 2011	<u>34.692.049</u>

13. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2011 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar ónotaða fjárheimild að fjárhæð 36,1 m.kr. og hafði hún lækkað um 33,9 m.kr. frá árinu á undan.

Höfuðstóll

Höfuðstóll 1. janúar 2011	69.925.177
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	(439.656.465)
Ríkisframlag	405.800.000
Höfuðstóll 31. desember 2011	<u>36.068.712</u>

SKÝRINGAR

Kennitölur

	2011	2010	2009	2008	2007
Verkefnavísar					
Áritaðir ársreikningar	167	228	319	305	328
Endurskoðunarbréf	126	212	209	222	230
Stjórnsýsluúttektir	28	22	12	12	5
Aðrar skýrslur	12	25	21	21	19
Rit	0	1	0	1	0

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

Rekstur					
Rekstrartekjur	41.652	67.210	366.707	40.183	32.030
Rekstrargjöld	(479.294)	(472.029)	(818.502)	(473.389)	(426.238)
Stofnkostnaður	(2.014)	(3.187)	(2.874)	(18.594)	(16.324)
Tekjuafgangur	(439.656)	(408.006)	(454.669)	(451.800)	(410.532)
Ríkisframlag	405.800	424.800	459.300	482.200	416.800
Tekjuafgangur ársins	(33.856)	16.794	4.631	30.400	6.268
Efnahagur					
Veltufjármunir	47.096	76.788	96.252	83.261	59.175
Eignir alls	47.096	76.788	96.252	83.261	59.175
Höfuðstóll	36.069	69.925	53.131	75.447	45.047
Skammtímaskuldir	11.027	6.863	43.121	7.814	14.128
Eigið fé og skuldir alls	47.096	76.788	96.252	83.261	59.175